



UMHVERFISSTOFNUN

Drög að áfanga- og verkáætlun

fyrir gerð vatnaáætlunar 2011 - 2015

2. nóvember 2011

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Nýtt fyrirkomulag í stjórn vatnamála.....	4
Tilgangur áfanga- og verkáætlunarinnar	5
Umhverfismat vatnaáætlunar.....	6
Þátttaka almennings	7
Stjórnvöld og aðrir þátttakendur	9
Framkvæmd og fjármögnun	16
Meginatriði vatnsstjórnunarkerfisins.....	16
Verkefni og aðferðir á innleiðingartímanum	24
Tímaáætlun áfanga og verkþátta	32
Viðauki I. Tengiliðir vegna stjórnar vatnamála.....	43
Viðauki II. Stjórnvöld og þátttakendur	48
Viðauki III. Mikilvæg orð og orðasambönd	52

Formáli

Ný lög um stjórn vatnamála voru samþykkt á Alþingi í apríl 2011 (nr. 36/2011). Með þeim voru innleidd ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins frá október 2000 (2000/60/EB) um aðgerðaramma fyrir stefnu í vatnsmálum (vatnatilskipunin). Setning þessara laga leiðir til þess að greina þarf og kortleggja allt vatn hér á landi, flokka í vatnshlot¹, skipta yfirborðsvatnshlotum í gerðir og setja gæðamarkmið sem hentar hverri gerð. Síðan þarf að meta álag sem er til staðar og líkleg áhrif þess á vatnshlotin. Að síðustu er ástand vatnshlotanna metið og gerð aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í því skyni að viðhalda góðu ástandi þeirra eða bæta ástandið þegar það er ekki gott. Lokapunkturinn er gerð vatnaáætlunar sem nær til allra ofangreindra þátta og verður stjórnunaráætlun fyrir vötn á Íslandi.

Markmið laganna um stjórn vatnamála er m.a. að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf. Stefnt er að því að fyrir árið 2021 hafi allt yfirborðsvatn gott vistfræðilegt ástand eða gott vistmegin² þegar um er að ræða manngerð vatnshlot eða mikið breytt vatnshlot. Fyrir sama tíma verði magnstaða og efnafræðilegt ástand grunnvatns einnig gott. Búast má við að aðgerða verði í einhverjum tilvikum þörf til ná markmiðunum, t.d. vegna sumra vatnshlota við þéttbýli.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála á fyrsta vatnaáætlunin að liggja fyrir 1. janúar 2018. Til þess að vera í sama takti og aðrar Evrópuþjóðir gerðu hinsvegar forstjórar þeirra ríkisstofnana sem sátu í stýrihópi Umhverfisstofnunar um innleiðingu vatnatilskipunarinnar samkomulag um að flýta gerð fyrstu vatnaáætlunar. Eins og fram kemur aftar í þessari áfanga- og verkáætlun er gert ráð fyrir að fyrsta vatnaáætlun fyrir landið liggja fyrir í lok árs 2015. Þannig mun Ísland skila sinni fyrstu áætlun á svipuðum tíma og aðrar Evrópuþjóðir skila annarri vatnaáætlun sinni. Þessi ákvörðun hefur í för með sér að aðrar áætlanir sem skila á með vatnaáætlun þurfa að vera tilbúnar á sama tíma. Um er að ræða vöktunaráætlun, sem skal liggja fyrir fyrri hluta sumars 2014 í stað 1. janúar 2015 og aðgerðaáætlun sem skal taka gildi eigi síðar en í lok árs 2015 í stað 1. janúar 2018.

Umhverfisstofnun er það stjórnvald sem mun samræma vinnuna á þessu sviði. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála ber Umhverfisstofnun að vinna tillögu að vatnaáætlun sem umhverfisráðherra síðan staðfestir. Í því skyni að skipuleggja fyrirliggjandi verkefni hefur Umhverfisstofnun tekið saman áfanga- og verkáætlun um gerð vatnaáætlunar og er hún kynnt hér sem liður í að styrkja almenna þátttöku í því ferli. Í henni er greint frá forsendum og markmiðum vinnunnar, þeim verkefnum sem framundan eru og tímasetningum opinberra kynninga og ákvarðana. Áætlunin lýsir því hvernig íslensk stjórnvöld og aðrir sem að málunum koma munu vinna saman að því að koma á stýringu vatnamála á Íslandi með heildstæðri vatnaáætlun er taka mun gildi í lok árs 2015. Slík samvinna er nauðsynleg til að árangur náist.

Þar sem vatnaáætlun fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana verður hún kynnt opinberlega ásamt umhverfisskýrslu á kynningartíma vatnaáætlunarinnar í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

¹ Vatnshlot er notað um afmarkaða vatnaeiningu, t.d. tiltekið stöðuvatn eða afmarkaður hluti strandsvæðis, straumvatns eða grunnvatns. Þetta er þýðing úr enska á orðunum „water body“ eða „body of water“.


² Ástand lífríkis í manngerðu eða mikið breyttu vatnshloti samkvæmt gæðaflokkun í besta vistmegin, gott vistmegin og ekki viðunandi vistmegin. Þýðing á enska hugtakinu “ecological potential”.

Gert er ráð fyrir að allir sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig vatnamál varða geti lagt sitt af mörkum og haft áhrif á vinnuferilinn. Umhverfisstofnun hefur sett sér það markmið að vinna við þau verkefni sem fyrir liggja verði eins opin og mögulegt er og að kallað verði eftir þátttöku opinberra aðila, atvinnulífs, félagasamtaka og almennings. Mun stofnunin því jafnóðum birta upplýsingar á heimasíðu sinni um framgang vinnunnar en slík upplýsingagjöf er ein meginforsenda fyrir virkri þátttöku hagsmunaaðila og almennings. Þegar opinberar kynningar á vinnuáföngum standa yfir er vonast til að sem flestir taki þátt og komi með gagnlegar skriflegar ábendingar, athugasemdir, tillögur eða hugmyndir. Er almenningur hvattur til að leggja sitt af mörkum til að vel takist til við að koma á heildstæðri stjórn vatnamála á landinu.

Um hina nýju stjórnskipan vatnamála eru víða notuð orð og orðasambönd sem ekki eru öllum töm eða þekkt. Í því skyni að auðvelda lestur og skilning hefur verið tekinn saman skýringarlisti yfir orð og orðasambönd og er hann að finna í viðauka III. Í viðaukum er einnig að finna lista yfir tengiliði einstakra stofnana og hagsmunaaðila sem hafa hlutverk skv. hinum nýju lögum eða hagsmuni af því að vel takist til (viðauki I) sem og lista yfir stjórnvöld og aðra aðila sem vinna munu að því að koma á nýju stjórnkerfi fyrir vatnamálin og gegna þar tilteknu hlutverki (viðauki II).

Nýtt fyrirkomulag í stjórn vatnamála

Vatnatilskipun Evrópusambandsins tók gildi í þátttökulöndum þess árið 2000. Þann 1. maí 2009 var hún tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem Ísland er aðili að. Þar með hafði Ísland skuldbundið sig til að taka hana upp í íslenskan rétt en það var gert með setningu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þann 7. apríl 2011. Til að skýra framkvæmdina hefur þegar verið sett reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Gildistaka hennar fyrir Ísland telst því frá 1. maí 2009 þótt innleiðing í íslenska löggjöf hafi orðið síðar. Lögin ásamt reglugerðum hafa þann tilgang að varðveita gæði alls yfirborðs- og grunnvatns og bæta þau þegar þörf er á. Á 1. mynd er yfirlit yfir helstu tæki við stjórn vatnamála.



1. mynd. Helstu tæki við stjórn vatnamála samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Með innleiðingu hins nýja fyrirkomulags við stjórn vatnamála er stefnt að heilstæðri og samræmdri stýringu vatnamála þar sem vernd og sjálfbær nýting á vötnum, strandsjó og grunnvatni er höfð að leiðarljósi. Þungamiðjan er sú krafa að öll vatnshlot skuli vera í góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnástöðu (grunnvatn) og að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott.

Þrátt fyrir skýrar og metnaðarfullar aðalreglur er þó heimilt að víkja frá þeim og ákveða vægari umhverfismarkmið eða fá frest til að ná umhverfismarkmiðunum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. ákvæði í lögum um stjórn vatnamála (15.-18. gr.). M.a. er í sérstökum tilvikum hægt að fresta því í tvígang um 6 ár í senn að ná umhverfismarkmiðunum (15 gr. laga um stjórn vatnamála) að því skilyrði uppfylltu að ástand viðkomandi vatnshlota versni ekki. Þetta kann að eiga við þegar náttúrulegar eða tæknilegar ástæður eru fyrir því að ekki er hægt að bæta úr innan tímamarkanna eða ef kostnaður yrði óhóflegur³.

Tilgangur áfanga- og verkáætlunarinnar

Hreint vatn er öllum mikilvægt og þó enn sé nóg af hreinu vatni á Íslandi er full ástæða til að standa vörð um það. Sameiginlegir hagsmunir landsmanna á þessu sviði kalla á samvinnu og samráð við verndun á gæðum vatns og að allir geti komið sínum sjónarmiðum að við útfærslu þeirra verkefna sem vinna þarf. Sú vinna við innleiðingu á stjórn vatnamála sem nú er að hefjast byggir á því að sem flestir komi að málunum og að sjónarmiða sem flestra sé gætt og þannig stuðlað að því að sem mestur einhugur geti ríkt um væntanlega vatnaáætlun.

Áfanga- og verkáætluninni er sérstaklega ætlað að stuðla að þátttöku almennings og hagsmunaaðila við upphaf og undirbúning vinnunnar og jafnframt vönduðu og skýru vinnuferli. Þátttaka og innlegg frá hagsmunaaðilum og öðrum þeim sem láta sig vatnamál varða ásamt því fagfólki sem býr yfir þekkingu á þessu sviði er nauðsynleg forsenda fyrir bæði raunhæfri vatnaáætlun og raunhæfum markmiðum við stjórn vatnamála.

Tilgangurinn með áfanga- og verkáætluninni er að:

1. Gera grein fyrir megindráttum þeirrar vinnu og þess vinnuferlis sem innleiðing á nýju íslensku stjórnsýslukerfi fyrir vatnamál krefst fram að fyrsta framkvæmdatímabilinu sem hefst 2016.
2. Vera fyrsta skrefið í gerð vatnaáætlunar og þar með vinnu við að ná því markmiði að ástand vatns sé alls staðar gott.
3. Gera grein fyrir stjórnvöldum vatnamála og hlutverki stofnanna og annarra sem að innleiðingunni koma.

³ Hugtakið óhóflegur verður skilgreint í hverju tilviki í tengslum við efnahagslegu greininguna. Merking þess kann m.a. að hvíla á greiningu á greiðsluvilja, kostnaðar- og hagnaðargreiningu eða kostnaðarsamanburði valkosta. M.a. verður höfð tilhliðsjón af CIS Guidance Document No 1, Economics and the Environment – The Implementation Challenge of the Water Framework Directive.

4. Upplýsa um hvenær og hvernig opinberar kynningar og samráð í ferlinum muni eiga sér stað.

Markhópur áfanga- og verkáætlunarinnar eru allir þeir sem hafa áhuga á vatni og ástandi þess. Hópurinn nær því m.a. til þátttakenda í vatnaráði, vatnasvæðisnefnda og ráðgjafarnefndum fagstofnana og eftirlitsaðila og hagsmunaaðila, heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa, sveitarstjórnarmanna, meðlima umhverfissamtaka og annarra hagsmunasamtaka, s.s. veiðifélaga og stangveiðifélaga, starfsmanna fiskeldisfyrirtækja, fagstofnana og orkufyrirtækja, landeigenda og veiðiréttarhafa auk annarra áhugasamra landsmanna.

Sumir verkþættirnir og áfangarnir sem áætlunin gerir grein fyrir voru hafnir áður en áætlunin var send til kynningar og öðrum verkum eða áföngum verður lokið áður en kynningartímabilinu lýkur. Því miður var ekki hægt að komast hjá þessu þar sem tíminn til stefnu er skammur og ekki mögulegt að ljúka gerð fyrstu vatnaáætlunarinnar nægjanlega fljótt ef beðið hefði verið með að hefja einstaka verkliði. Engu að síður er mikilvægt að fólki gefist tækifæri til að hafa áhrif á þá áfanga og verkþætti sem eftir eru, en þeir eru bæði umfangsmestir og mikilvægastir í ferlinu.

Umhverfismat vatnaáætlunar

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem koma mun fram í vatnaáætlun. Vatnaáætlun er á hinn bóginn unnin með hliðsjón af áætlunum hins opinbera og hagsmunaaðila. Vatnaáætlun er ætlað að verða leiðandi stjórnþæki og mun m.a. hafa áhrif á umhverfið. Í lögum um stjórn vatnamála er tiltekið að gera skuli grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Áður en vinna við umhverfismat vatnaáætlunarinnar hefst verður haft samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni þeirra upplýsinga sem fram koma í svokallaðri umhverfisskýrslu. Í henni verður sett fram umhverfismat vatnaáætlunarinnar en það mat verður unnið samhliða gerð vatnaáætlunar og skýrslan kynnt opinberlega ásamt áætluninni í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana. Samkvæmt þeim lögum er gert ráð fyrir 6 vikna kynningartíma almennings en ætlunin er að kynningartími vatnaáætlunarinnar verði 12 mánuðir. Því verður kynning á tillögu að umhverfisskýrslu einnig 12 mánuðir eins og heimilt er skv. lögum um umhverfismat áætlana. Samkvæmt sömu lögum verður óskað umsagna um drög að bæði umhverfisskýrslunni og vatnaáætluninni frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, hlutaðeigandi sveitarfélögum og öðrum aðilum eftir því sem við á. Umhverfisskýrsla og athugasemdir við hana verður höfð til hliðsjónar við gerð endanlegrar vatnaáætlunar. Hún verður ekki staðfest af umhverfisráðherra fyrr en að kynningunni lokinni.


Aðgerðaáætlun er hluti vatnaáætlunar og verður gerð grein fyrir umhverfismati hennar samfara vatnaáætluninni.

Þátttaka almennings

Umhverfisstofnun leggur áherslu á þátttöku almennings í þessu ferli. Til að auðvelda það mun stofnunin útbúa fræðslu- og kynningarefni fyrir almenning auk þess sem Umhverfisstofnun mun birta allt formlegt efni sem verður til í ferlinu við innleiðingu á stjórnkerfi vatnamála. Hægt er að hafa áhrif á ákvarðanir um innleiðingu hins nýja stjórnunarkerfis með því að veita umsögn um þá hluta þess sem verða kynntir opinberlega í aðdraganda þess að ákvarðanir verða teknar (2. mynd). Ennfremur með því að taka þátt í kynningarfundum og með því að hafa samband við starfsmenn eða tengiliði viðkomandi stofnana, sveitarfélaga eða heilbrigðisnefnda svo og fulltrúa í vatnaráði, vatnasvæðisnefndunum og ráðgjafarnefndunum. Í l. viðauka er listi yfir ýmsa tengiliði vegna stjórnunar vatnamála.

Á innleiðingartíma stjórnar vatnamála munu fara fram þrjár opinberar kynningar:

1. Áfanga- og verkáætlunin sem verður í kynningu frá **3. nóvember 2011 til 2. maí 2012**.
2. Bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg atriði í vatnaáætlun sem verður í kynningu frá **1. október 2012 til 31. mars 2013**.
3. Tillaga að vatnaáætlun sem verður í kynningu frá **1. júlí 2014 til 1. júlí 2015**.



2. mynd. Innleiðing á stjórn vatnamála og opinberar kynningar og samráð.

Stofnaðar verða sérstakar ráðgjafarnefndir sem starfa með Umhverfisstofnun á landsvísu. Þær verða tvær, önnur skipuð fulltrúum fagstofnana og eftirlitsaðila en hin fulltrúum hagsmunaaðila, s.s. atvinnuvegasamtaka, umhverfissamtaka og ýmissa þjóðfélagshópa sem á einn eða annan hátt tengjast vatnamálum. Gagnlegt getur því einnig verið fyrir þá sem vilja koma einhverju á framfæri að hafa samband við fulltrúa ráðgjafarnefndanna.

Allar upplýsingar sem áfanga- og verkáætlunin byggir á má einnig nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.umhverfisstofnun.is en þar verða m.a. birt gögn sem verða til við vinnu á þessu sviði og með tímanum einnig upplýsingar sem snerta einstök vatnasvæði.

Ákvörðun um hugsanlegar aðgerðir til að bæta ástand vatns þurfa að byggja á sem víðtækustum upplýsingum um álag á vatnið, ástand þess og notkun. Því er áriðandi að undirbúningsvinnan fari fram með þátttöku sem flestra og taka lög og reglur um stjórn vatnamála mið af því. Meðal þeirra sem ættu að koma að ferlinum eru:

Sveitarfélög

Sveitarfélög koma víða að stjórn vatnamála. Skipulagsmálin eru í þeirra höndum, s.s. skipulag íbúðar- og útivistarsvæða. Þau þurfa m.a. að tryggja heilnæmt neysluvatn, heitt vatn til húshitunar og bera ábyrgð á hreinsun skólps frá þéttbýli áður en því er veitt í viðtaka. Auk þess eru sveitarfélög eigendur opinberra hafna.

Fyrirtæki og atvinnurekendur

Framkvæmdir og starfsemi fyrirtækja getur haft áhrif á vatnsumhverfi með vatnstöku eða losun mengandi efna í vatn eða á aðrennslissvæði vatna. Þátttaka fyrirtækja er mikilvæg, sérstaklega í þeim tilvikum sem kemur til skoðunar að beita undanþáguheimildum laga um stjórn vatnamála frá umhverfismarkmiðunum eða umhverfisgæðakröfum.

Vatnsveitur og orkuveitur

Tryggja þarf vernd neysluvatns og grunnvatns þar sem það er tekið til almennrar dreifingar og notkunar. Vernda þarf bæði fyrir mengun og oftöku. Bæði vatnsveitur og orkuveitur í einkaeigu og í opinberri eigu eru því mikilvægir þátttakendur.

Landbúnaður

Landnýting, meðferð lífræns og ólífræns áburðar, úrgangsmál og vatnsnotkun í landbúnaði getur valdið álagi á vatn. Því skiptir miklu að bændur og samtök þeirra komi að mótun vatnaáætlunar.

Útivistarfólk

Stangveiði, lauga- og sjóböð, kajak-, báta- og aðrar frístundasiglingar er ein hlið nýtingar vatns. Sama má segja um almenna útivist. Því snerta ákvarðanir um vatnsvernd allt útivistarfólk og nauðsynlegt að sjónarmið þeirra komi fram.

Íbúar og hús- og landeigendur

Hugsanlega þarf að taka ákvarðanir um breytingar á landnotkun til að ná megi umhverfismarkmiðum. Ákvarðanir af þeim toga geta haft hamlandi áhrif á athafnafrelsi íbúa og hús- og landeigenda. Því er nauðsynlegt að sjónarmið þeirra komi einnig fram.

Samgöngugeirinn


Samgöngumannvirki og umferð eru umfangsmikill hluti af mannvirkjum og umsvifum í landinu og geta haft áhrif á gæði vatns og lífríki. Nauðsynlegt er því að samgöngugeirinn komi að ákvarðanatökum í tengslum við innleiðingu nýja kerfisins.

Upplýsingar til umsagnaraðila

Frestur til að veita umsagnir, athugasemdir og ábendingar um þessa áætlun er 6 mánaðir frá útgáfudegi. Slík erindi skulu berast skriflega til Umhverfisstofnunar áður en kynningartímabilinu lýkur. Hægt er að senda erindi í tölvupósti á pósthfangið ust@ust.is eða bréflega á **Umhverfisstofnun, Umsögn um áfanga- og verkáætlun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík**. Í erindinu skal taka fram hvort það er frá einstaklingi eða félagi eða samtökum. Ef um stór félög eða samtök er að ræða er beðið um að tiltekið sé hver sé tilgangur félagsins, hversu margir félagsmenn eru og hvernig skoðanir þær sem gerð er grein fyrir voru fengnar innan félagsins. Í umsögninni þarf að koma skýrt fram hvaða hluta áætlunarinnar verið er að vísa til, t.d. með tilvísun til kaflaheita, blaðsíðutals eða númera verklíða skv. 1. töflu í kaflanum Tímaáætlun áfanga og verkþátta. Að síðustu er óskað eftir að einstökum atriðum í erindinu verði gefin vægi eftir mikilvægi, þ.e. “mjög mikilvægt, mikilvægt, nokkuð mikilvægt”. Eftir að umsagnartíma lýkur mun Umhverfisstofnun birta á heimasíðu sinni (www.umhverfisstofnun.is) samantekt umsagna, athugasemda og ábendinga sem berast. Um þau erindi sem stofnuninni berast gilda lög nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál og Upplýsingalög nr. 50/1996.

Stjórnvöld og aðrir þátttakendur

Í lögum um stjórn vatnamála er gerð grein fyrir því hvaða stjórnvöld hafa það hlutverk að framfylgja ákvæðum laga um stjórn vatnamála, reglugerðar um stjórn vatnamála og reglugerðar um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun vatns. Hér aftar er gerð grein fyrir verkaskiptingu þeirra. Yfirlit yfir stjórnskipulagið ásamt aðkomu hagsmunaaðila og almennings er sýnt í grófum dráttum á 3. mynd.



3. mynd. Skiplag stjórnvalda vatnamála og tengsl við rannsóknastofnanir, almenning og hagsmunaaðila.


Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og staðfestir vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Auk þess skipar hann bæði fulltrúa í vatnaráð og ráðgjafarnefndirnar, þ.e. ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila.

Vatnaráð

Vatnaráð er umhverfisstofnun til ráðgjafar um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun skipar ráðið til fimm ára í senn og er það skipað fimm fulltrúum (4. mynd). Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

tilnefnir einn fulltrúa, iðnaðarráðherra einn og Samband íslenskra sveitarfélaga tvo. Umhverfisráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og er hann formaður ráðsins. Ráðið veitir umsögn um reglugerðir sem settar eru á grundvelli laganna, fylgist með því hvernig markmiðum þeirra er náð og metur m.a. þann kostnað sem af þeim hlýst fyrir ríki og sveitarfélög. Það skilar á þriggja ára fresti skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um þau efni og setur fram eftir því sem þörf krefur ábendingar um kostnaðinn. Vatnaráð hefur umsýsni með gerð tillögu að vatnáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og tekur afstöðu til tillagna í skýrslu til Umhverfisstofnunar áður en áætlanirnar fara í opinbera kynningu. Það gerir tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu þeirra og endurskoðun þegar við á að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar.



4. mynd. Skipan umhverfisráðherra í vatnaráð.

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun annast stjórnslu á sviði vatnamála skv. lögum um stjórn vatnamála og gegnir lykilhlutverki við framkvæmd þeirra. Stofnunin gerir tillögur til ráðherra um setningu reglugerða skv. lögnum. Hún skipar fulltrúa og varafulltrúa í vatnasvæðisnefndir. Henni ber að samræma og hafa umsýsni með framkvæmd vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og vinna tillögur um þær með hliðsjón af áætlunum hins opinbera og helstu hagsmunaaðila, svo sem á sviði náttúruverndar, auðlindanýtingar, orkunýtingar, samgangna, vatnsveitna, fráveitna og skipulagsmála. Um þetta ber stofnuninni að hafa samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir. Stofnunin gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns, grunnvatns og svæða sem njóta verndar auk þess sem hún heldur skrá yfir viðkvæm og vernduð svæði. Hún ákvarðar viðmiðunaraðstæður og aðstæður⁴ fyrir gerðir vatnshlota og sér um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar. Hún metur hvort vatnshlot teljist manngerð eða mikið breytt og getur við vissar aðstæður og að uppfylltum vissum skilyrðum heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki sé hægt að ná fram umhverfismarkmiðum. Hún gerir samninga við stofnanir og aðra aðila um einstök verkefni eða að leggja fram sérfræðipækkingu og á að tryggja samráð og samstarf hlutaðeigandi

⁴ Viðmiðunaraðstæður (e. reference conditions) á aðeins við um líffræðilega gæðapætti en orðið aðstæður (e. conditions) er notað um þá ólífrænu. Þar sem þeir ólífrænu styðja þá líffræðilegu þarf ekki að finna viðmiðunaraðstæður fyrir þá heldur aðeins aðstæður sem taka mið af viðmiðunaraðstæðunum fyrir líffræðilegu gæðapættina. Í vatnatilskipuninni er orðið skilyrði notað í stað aðstæðna.

stofnana. Umhverfisstofnun mun ennfremur leggja til gögn í sinni umsjá sem nýtast við stjórn vatnamála og tryggir miðlun upplýsinga um vatnasvæðin. Stofnunin annast kynningar- og umsagnarferli áætlana og annast skýrslugjöf, m.a. vinnur hún stöðuskýrslu í samvinnu við vatnasvæðisnefndir og hefur umsjón með skýrslugjöf vegna stjórnar vatnamála, m.a. vegna miðlunar upplýsinga í samevrópskan vatnagagnagrunn. Hún annast daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar, hefur náíð samráð við ráðgjafarnefndirnar og leggur þeim til starfsmann sem hefur umsjón með starfi viðkomandi nefnda. Hún sér einnig um gerð fræðsluefnis og útgáfu leiðbeininga og viðmiðunarreglna. Umhverfisstofnun sendir staðfesta vatnaáætlun til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Auk þess auglýsir hún opinberlega staðfesta vatnaáætlun og hefur hana aðgengilega almenningi á vefsetri sínu. Síðast en ekki síst hefur stofnunin eftirlit með því að skipulagsáætlanir séu í samræmi við vatnaáætlun og að leyfisveitendur skv. vatnalögum, lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, skipulagslögum og lögum um mannvirki endurskoði útgefin leyfi komi í ljós að umhverfismarkmið vatnaáætlunar náist ekki.

Sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga um stjórn vatnamála og reglna á sviði vatnsverndar. Þær skulu einnig sjá til þess að skipulagsáætlun verði innan 6 ára frá staðfestingu vatnaáætlunar samræmd vatnaáætlun við endurskoðun eða breytingu. Hlutaðeigandi ríkisstofnanir og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sjá eftir atvikum um vöktun gæðaþátta yfirborðsvatns ásamt vöktun á magnstöðu grunnvatns. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar.


Vatnasvæðisnefndir

Vatnasvæði eru fjögur á landinu (sjá 5. mynd). Ein nefnd starfar á hverju vatnasvæði og eru þær því fjórar.


Umhverfisstofnun skipar fulltrúa í vatnasvæðisnefndir að fengnum tilnefningum frá sveitarfélögum, heilbrigðisnefndum á viðkomandi vatnasvæði og ráðgjafarnefndum. Í nefndunum er gert ráð fyrir að sitji fulltrúar allra sveitarfélaga á viðkomandi vatnasvæði en sveitarfélög geta þó sameinast um einn eða fleiri fulltrúa. Þá situr í hverri nefnd einn fulltrúi frá hverri heilbrigðisnefnd sem starfar á svæðinu, einn fulltrúi frá hverri náttúruverndarnefnd/umhverfisnefnd sem starfar á svæðinu, einn fulltrúi frá ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og einn fulltrúi frá ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og skulu fulltrúar ráðgjafarnefndanna hafa sérstaka þekkingu á viðkomandi svæði. Auk þess verður í hverri nefnd einn fulltrúi frá Umhverfisstofnun og skal hann vera formaður nefndarinnar. Yfirlit yfir skipan vatnasvæðisnefnda er sýnd á 6. mynd.

Hlutverk vatnasvæðisnefndar er að samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og stöðuskýrslu á viðkomandi vatnasvæði og afla þar upplýsinga vegna þeirrar vinnu fyrir viðkomandi vatnasvæði. Vatnasvæðisnefnd skal vera rannsóknastofnunum til ráðgjafar vegna verkefna sem þeim eru falin í samningum við Umhverfisstofnun um málefni sem snerta

viðkomandi vatnasvæði. Þær annast auk þess bæði gerð bráðabrigðayfirlits um mikilvæg atriði í vatnaáætlun og stöðuskýrslna ásamt Umhverfisstofnun.



5. mynd. Vatnasvæði á Íslandi. Svæði 1: Vestfirðir og Norðurland vestra, svæði 2: Norðurland eystra og Austurland, svæði 3: Suðurland og svæði 4: Suðvesturland.



6. mynd. Skipan fulltrúa í vatnasvæðisnefndir

Ráðgjafarnefndir

Í lögum um stjórn vatnamála er kveðið á um tvær ráðgjafarnefndir, ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila sem starfa eiga með Umhverfisstofnun. Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Ráðgjafarnefndunum er heimilt að stofna stýrihópa til að tryggja framkvæmd nefndarstarfsins. Þeim er einnig heimilt að stofna undirhópa um ákveðin verkefni, s.s. vegna flokkunar vatns, álagsgreiningar, gerðar vöktunaráætlunar eða skýrslugjafar. Þær skulu hafa sér til aðstoðar starfsmann, sem Umhverfisstofnun leggur til og skal hafa umsjón með starfi nefndarinnar. Ráðgjafarnefndirnar velja sér formann og varaformann úr sínum hópi til tveggja ára í senn.

Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila

Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skal vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem falla undir lög um stjórn vatnamála. Nefndin skal jafnframt leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana samkvæmt lögunum og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skulu vera m.a. fulltrúar frá Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Veiðimálastofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Siglingastofnun Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvannsóknastöð við Mývatn, Matvælastofnun, Mannvirkjastofnun, Landmælingum Íslands, Skógrækt ríkisins, Vegagerðinni, Íslenskum orkurannsóknnum, náttúrustofum og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila

Fulltrúar í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila skulu vera til ráðgjafar um þau málefni sem samtök þeirra helga sig. Í ráðgjafarnefndinni eiga sæti fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins, Bændasamtökum Íslands, Samorku, Landssambandi smábátæigenda, samtökum veiðiréttarhafa, samtökum veiðifélaga, samtökum útivistarfélaganna, hafnarsamböndum, fuglaverndarfélagum, félögum um vernd hálendisins, náttúru- og umhverfisverndarsamtökum og skógræktar- og landgræðslufélögum.

Rannsóknar- og stjórnsýslustofnanir

Hér á eftir er fjallað um hlutverk Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar en í lögum um stjórn vatnamála kemur fram að þessar stofnanir muni leggja fram gögn og sérfræðipækkingu við framkvæmd laganna. Um nánari tilhögun verkefna sem þessar stofnanir vinna fer eftir samningum sem Umhverfisstofnun gerir við þær. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að semja við aðra aðila eða stofnanir um tiltekin verk. M.a. er gert ráð fyrir að samið verði við Orkustofnun og er því einnig gerð grein fyrir henni hér.

Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 70/2008 um Veðurstofu Íslands, lögum um veðurbjónustu og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Meðal verkefna hennar er að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum, lónum, strandlónum, strandsjó og grunnvatni, þ.m.t. mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum vatnsforfræðilegum og eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns, að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti, úrkomu og vatni, að annast langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar samkvæmt

samningi við viðeigandi stjórnvöld og að annast skráningu, varðveislu og miðlun gagna á starfssviði stofnunarinnar.

Samkvæmt reglugerð um stjórn vatnamála leggur Veðurstofa Íslands til og hefur umsjón með miðlægu upplýsingakerfi um vatnshlot, eiginleika þeirra og ástand og leggur til sérfræðipækkingu sína á því sviði. Hún skal einnig meta magnstöðu grunnvatnshlota og leggja til gögn og sérfræðipækkingu um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti ferskvatnshlota og gegna samræmingarhlutverk á því sviði.

Náttúrufræðistofnun Ísland

Náttúrufræðistofnun Íslands er rannsóknastofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Meginhlutverk hennar er að rannsaka íslenska náttúru og stunda skipulega heimildasöfnun um hana, vakta ástand hinna ýmsu dýrastofna og gróðursamfélaga, rannsaka lífshætti og vistfræði einstaka lífverutegunda og stofna og þá krafta sem ráða gerð og þróun íslenskrar náttúru, afla gagna um skriðuföll á landinu og meta vá af þeirra völdum og annast fuglamerkingar. Náttúrufræðistofnun hefur einnig víðtækt fræðslu- og ráðgjafarhlutverk, m.a. leiðbeinir stofnunin stjórnvöldum og framkvæmdaraðilum um landnýtingu og vernd náttúruminja og gefur út fræðirit og náttúrufarskort yfir gróður, vistgerðir og jarðfræði landsins.

Samkvæmt reglugerð um stjórn vatnamála tekur Náttúrufræðistofnun Íslands þátt í vinnunni við vatnaáætlunina með því að leggja til gögn í umsjá hennar um vistkerfi þurrlendis og votlendis sem tengjast vatnabúskap yfirborðs- og grunnvatnshlota ásamt sérfræðipækkingu sína og hefur hún samræmingarhlutverk á því sviði.

Veiðimálastofnun

Veiðimálastofnun er rannsóknastofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 59/2006 um Veiðimálastofnun. Hlutverk stofnunarinnar er að stunda rannsóknir á lífríki í ám og vötnum, rannsaka fiskstofna (lax, urriða, bleikju og ál) í ám og vötnum, veita ráðgjöf um veiðinýtingu og aukningu á veiði eða arðsemi hennar t.d. með fiskræktaraðgerðum, vera ráðgefandi varðandi lífríki og umhverfi áa og vatna, t.d. varðandi mannvirkjagerð, stunda alhliða lífríkisrannsóknir á ám og vötnum og reka gagnagrunn um lífríki áa og vatna svo og um fiskstofna þeirra og veiðinytjar.

Samkvæmt reglugerð um stjórn vatnamála leggur Veiðimálastofnun til gögn um lífríki og hefur samræmingarhlutverk á því sviði. Hún skal einnig leggja til gögn um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti ferskvatnshlota í umsjón hennar, þ.m.t. árósa og sjávarlóna, ásamt sérfræðipækkingu sinni.

Hafrannsóknastofnunin

Hafrannsóknastofnun er rannsóknastofnun á sviði haf- og fiskirannsókna sem starfar samkvæmt lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Lögum samkvæmt gegnir stofnunin mikilvægu ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu auðlinda hafsins. Hlutverk stofnunarinnar er að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess, veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins og miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings. Af þessum þáttum er rannsóknabátturinn lang umfangsmestur.

Samkvæmt reglugerð um stjórn vatnamála leggur Hafrannsóknastofnunin til gögn sem hún hefur í umsjón sinni um lífríki og vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti strandsjávar ásamt sérþekkingu sinni og hefur samræmingarhlutverk á því sviði.

Orkustofnun

Orkustofnun er stjórnsýslustofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 87/2003 um Orkustofnun og reglugerð nr. 400/2009 um Orkustofnun. Stofnunin fer með leyfisveitingarvald og eftirlit samkvæmt ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923, laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, raforkulaga nr. 65/2003, laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Fjölbreytt stafræn gögn hafa orðið til í starfsemi Orkustofnunar í gegnum tíðina, m.a. ýmis heimildasöfn s.s. kortasafn, teikningasafn og myndasafn.

Þótt þess sé hvorki getið sérstaklega í lögum né reglugerð um stjórn vatnamála er gert ráð fyrir að Orkustofnun leggi almennt til gögn um grunnvatnshlot og sérfræðipekkingu á því sviði sem og á sviði manngerðra og mikið breyttra vatnshlota.

Samráðshópur Umhverfisstofnunar og annarra stofnanna

Haustið 2008 setti Umhverfisstofnun af stað stýrihóp til að samræma starf þeirra stofnana sem hafa hlutverki að gegna við framkvæmd hinna nýju laga um stjórn vatnamála. Formaður stýrihópsins er forstjóri Umhverfisstofnunar en aðrir í hópnum eru forstjórar þeirra fjögurra ríkisstofnana sem hafa mestra hagsmuna að gæta vegna laganna, þ.e. Veðurstofu Íslands, Veiðmálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Orkustofnunar. Stýrihópurinn hafði það hlutverk að samræma vinnu þeirra fjölmörgu aðila sem koma að málefnum er varða vatn og að sjá um að þau verkefni sem vatnatilskipunin kallar á séu framkvæmd. Alls störfuðu 32 menn í 5 vinnuhópum frá 14 stofnunum og eftirlitsaðilum við öflun gagna og upplýsinga um vatn og vatnavistfræði og við að kortleggja staðsetningu vatnshlota áður en lögin um stjórn vatnamála voru sett og liggja nú þessi gögn fyrir hjá viðkomandi stofnunum. Að stýrihópnum frátöldum hafa vinnuhóparnir lagt niður störf.

Stýrihópurinn hefur ekkert hlutverk samkvæmt lögum um stjórn vatnamála en hann mun í framtíðinni vera vettvangur fyrir óformlegt samstarf þeirra stofnana sem koma að innleiðingu þessarar nýju löggjafar. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir að stækka stýrihópin og munu þá væntanlega Náttúrufræðistofnun Íslands og Matvælastofnun bætast í hann.

Eftirlitstofnun EFTA (ESA)⁵

Eftirlitsstofnun EFTA er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem hefur eftirlit með að ákvæðum vatnatilskipunarinnar sé framfylgt á Íslandi á grundvelli EES-samningsins. Ennfremur eiga íslensk stjórnvöld að miðla umhverfisupplýsingum um helstu vatnshlot í sameiginlegan gagnagrunn Evrópska upplýsingakerfisins fyrir vötn, WISE⁶, jafnóðum og þær verða til. Ísland er aðili að Umhverfisstofnun Evrópu, EEA⁷, og margar af þeim umhverfisupplýsingum sem Ísland hefur samþykkt að veita þangað, samnýtast við skýrslugjöf til ESA.

⁵ <http://www.eftasurv.int>.

⁶ <http://water.europa.eu>.

⁷ <http://www.eea.europa.eu>.

Framkvæmd og fjármögnun

Ákvæði laga um stjórn vatnamála og þeirra reglugerða sem settar voru með stoð í þeim gera ráð fyrir mjög formlegu ferli sem á 6 ára fresti lýkur með gerð eða uppfærslu vatnaáætlunar sem nær til alls vatns á landinu. Aðgerðaáætlun er mikilvægur hluti vatnaáætlunar en þar er gert grein fyrir þeim ráðstöfunum sem grípa þarf til svo ná megi markmiðum laganna um stjórn vatnamála. Ákvarðanir um ráðstafanir í aðgerðaáætlun skulu vera teknar á grundvelli viðkomandi löggjafar og af þar til bærum stjórnvöldum eða leyfisveitendum. Vegna þessa voru m.a. gerðar breytingar á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og raforkulögum, nr. 65/2003 svo mögulegt sé að endurskoða starfsleyfi fyrirtækja eða setja ný skilyrði þegar það er talið nauðsynlegt til að ná umhverfismarkmiðum.

Samkvæmt vatnatilskipuninni skulu aðildarríkin taka upp stefnu í verðlagningu vatns sem verður notendum nægileg hvatning til þess að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt og styður þannig við umhverfismarkmið tilskipunarinnar og þar með laganna um stjórn vatnamála. Verðlagningunni skal deila á mismunandi vatnsnotkunargeira, í það minsta atvinnulíf, heimili og landbúnað. Þannig á að afla tekna til að standa undir kostnaði vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengdum kostnaði, s.s. vegna stjórnar vatnamála. Gjaldtaka þessi skal byggja á efnahagslegri greiningu og taka mið af mengunarbótareglunni. Við endurheimt þessa kostnaðar er heimilt að taka tillit til félagslegra áhrifa, umhverfisáhrifa og efnahagslegra áhrifa, auk landfræðilegra skilyrða og loftslagsskilyrða svæðisins eða svæðanna sem verða fyrir áhrifum. Í þeim tilvikum þegar venjur hafa skapast varðandi tiltekna starfsemi sem nýtir vatn er einnig heimilt að ákveða að beita ekki ákvæðum um gjaldtöku. Forsenda þess er að það stefni ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu.

Endanleg útfærsla gjaldtökkunnar verður ákveðin í sérstökum lögum.

Meginatriði vatnsstjórnunarkerfisins

Innleiðingar- og framkvæmdatímabil

Í stuttu máli ganga lög um vatnastjórnun og vatnatilskipunin út á að fyrir árið 2016⁸ skuli gera vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun fyrir allt landið. Þessar áætlanir skulu vera í stöðugri endurskoðun og skal endurútgefa þær á 6 ára fresti, næst árið 2021 (7. mynd). Tímabilið fram til 2016 er innleiðingartímabil vatnastjórnunarkerfisins. Áætlanir sem munu verða gerðar fram til 2016 eiga að koma til framkvæmda á næsta tímabili, fyrsta framkvæmdatímabilinu, þ.e. á árunum 2016-2021, og markmiðin sem sett verða í vatnaáætluninni skulu nást fyrir lok þess tímabils sem er 6 árum eftir að vatnaáætlun hefur verið samþykkt. Styðjast skal við núverandi tiltæk gögn á þessu sviði en á komandi


⁸ Eins og fram kom að framan þarf ekki að ljúka henni fyrr en fyrir 2018 en forstjórar þeirra ríkisstofnana sem sátu í stýrihópi Umhverfisstofnunar um innleiðingu vatnatilskipunarinnar gerðu samkomulag um að flýta gerð hennar til samræmis við algengar tímasetningar í Evrópulöndum. Þannig mun fyrsta framkvæmdatímabil á Íslandi hefjast um leið og annað framkvæmdatímabil annarra Evrópuríkja.

framkvæmdatímabilum skal einnig nota gögn sem safnast við vöktun vatns. Ef vatnsgæði reynast slæm skal grípa til aðgerða sem nauðsynlegar eru til að ná góðu ástandi vatnsins en þær verða settar fram í áður nefndri aðgerðaáætlun.

Flokkun byggð á ástandi vistkerfa, efnafræði og magnstöðu

Efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns miðast við styrk tiltekinna mengunarefna, s.s. þungmálma og svokallaðra forgangsefna, og vistfræðilegt ástand miðast við lífríki vatnsins. Efnafræðilegt ástand grunnvatns miðast við rafleiðni og styrk mengunarefna (þungmálma og forgangsefna) og magnstaða miðast við stöðu grunnvatnsborðs. Forgangsefni eru 33 efni sem valin hafa verið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vegna óæskilegra áhrifa þeirra og eru 11 þeirra skilgreind sem hættuleg forgangsefni. Lista yfir efni þessi er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is. Markmiðið er að hætta eða draga svo úr losun forgangsefna að styrkur náttúrulegra forgangsefna í vatnshlotum jafngildi í mesta lagi bakgrunnsstyrk þeirra í náttúrulegu vatni og manngerð forgangsefni finnist þar ekki. Losun hættulegu forgangsefnanna á að vera hætt fyrir 2020.

Upplýsingar um vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlota og magnstöðu grunnvatns verður sett fram í miðlægu landfræðilegu upplýsingakerfi um vatnshlot.



7. mynd. Endurtekið framkvæmdatímabil. Fyrsta tímabilið hefst 2016. Fram að því er innleiðing stjórnunar vatnamála.

Flokkun á umhverfisástandi

Flokkunarkerfi fyrir umhverfisástand er sýnt á 8. mynd. Matsflokkar fyrir yfirborðsvatn (stöðuvötn, ár, árósa, strandsjó) eru fimm, þ.e. *mjög gott*, *gott*, *ekki viðunandi*, *slakt* og *lélegt* en fyrir manngerð vatnshlot og mikið breytt vatnshlot fjórir, þ.e. *gott* og *þar fyrir ofan*, *sæmilegt*, *slakt* og *lélegt*. Ástandsflokkar fyrir efnafræðilegt ástand eru tveir, fyrir yfirborðsvatnshlot *gott efnafræðilegt ástand* og *nær ekki góðu efnafræðilegu ástandi* en fyrir grunnvatn *gott* og *slakt*. Matsflokkar fyrir magnstöðu grunnvatns eru tveir, þ.e. *gott* og *óviðunandi*, sá seinni notaður þegar magnstaða vatnshlotsins er slök.

Umhverfismarkmið

Umhverfismarkmið fyrir yfirborðsvatn eru að það falli í betri efnafræðilega flokkinn, *gott efnafræðilegt ástand*, og í tvo bestu vistfræðilegu flokkana, *mjög gott vistfræðilegt ástand* eða *gott vistfræðilegt ástand*. Umhverfismarkmið fyrir grunnvatn er að það falli í betri efnafræðilega flokkinn, *gott efnafræðilegt ástand*, og í betri magnstöðuflokkinn, *gott ástand magnstöðu*.

Flokkar ástands			Umhverfismarkmið
Vistfræðilegt ástand ¹⁾	Efnafræðilegt ástand ²⁾	Magnstaða ³⁾	
Yfirborðsvatnshlot	Yfirborðs- og grunnvatnshlot	Grunnvatnshlot	
Mjög gott	Gott	Góð	Náð
Gott			
Ekki viðunandi	Nær ekki góðu efnafræðilegu ástandi	Slök	Ekki náð
Slakt			
Lélegt			

1) Líffræðilegir, vatnsformfræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðapættir.

2) Umhverfismörk fyrir forgangsefni.

3) Staða grunnvatnsborðs.


8. mynd. Flokkunarkerfi ástands. Ef ástand tiltekins vatnshlots er undir rauða strikinu (ekki viðunandi, slakt, lélegt) skal grípa til aðgerða til að bæta það (ná mjög góðu eða góðu fyrir yfirborðsvatnshlot en góðu fyrir grunnvatnshlot). Sú regla gildir að koma skal í veg fyrir að gæði vatns versni, þ.e. að það falli um flokk. Rauða línan sýnir mörk sjálfbærrar notkunar vatnshlotsins.

Vistfræðilegt ástand


Vistfræðilegt ástand er metið á grundvelli nánar skilgreindra líffræðilegra gæðapátta (s.s. tegundasamsetningu, fjölda, lífmassa eða aldursdreifingu tiltekinna lífveruhópa, þ.e. plöntusvifs, háplantna og botnþörungna, botndýra og fiska), vatnsformfræðilegra gæðapátta sem styðja líffræðilegu þættina, t.d. vatnsbúskaps, samfellu í straumvötnum (river continuity), lögun farvegs, s.s. breidd og dýpt, vatnshraða, botngerðar og gerðar og ástands aðliggjandi svæðis og að síðustu eðlisefnafræðilegra⁹ þátta sem styðja líffræðilegu þættina, t.d. hitabúskapar, súrefnisbúskapar, seltu, pH og næringarefnabúskapar.

Á 9. mynd er skipulag matsferilsins sýnt fyrir óbreytt vatnshlot og á 10. mynd fyrir manngerð eða mikið breytt vatnshlot.

⁹ Með eðlisefnafræðilegum (e. physico-chemical) gæðapáttum er löggjöfinni átt við eðlisfræðilega og efnafræðilega gæðapætti sem styðja líffræðilegu gæðapættina og eru notaðir til að meta vistfræðilegt ástand. Ekki má rugla þessum hugtökum saman við efnafræðilegt ástand sem eingöngu byggir á forgangsefnum og þungmálum og svo rafleiðni þegar grunnvatn á í hlut.



9. mynd. Notkun líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra gæðapátta í ástandsflokkun vatnshlota með stöðluðum skilgreiningum á flokkun á vistfræðilegu ástandi¹⁰.



10. mynd. Notkun vatnsformfræðilegra, líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og efnafræðilegra gæðapátta í ástandsflokkun manngerðra eða mikið breyttra vatnshlota¹¹. Mikið breytt vatnshlot sem flokkast annað hvort með mjög gott eða gott vistmegin hættir að teljast mangert og telst til áa, stöðuvatna, árósa eða strandsjávar (sjá 9. mynd).

¹⁰ Myndin styðst við CIS Guidance Document um vistfræðilega flokkun.

¹¹ Myndin styðst við CIS Guidance Document um vistfræðilega flokkun.

Gæðapættir, viðmiðunarástand og viðmið fyrir vistfræðilegt ástand

Taka þarf ákvörðun um þá gæðapætti sem flokkað verður eftir og ákvarða viðmið fyrir flokkunina, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 535/2011. Til að skilgreina yfirborðsvatnshlot í mjög góðu vistfræðilegu ástandi skal bæði skilgreina sérstakar gerðarsértækar viðmiðunaraðstæður fyrir líffræðilega gæðapætti og gerðarsértækar aðstæður¹² fyrir vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti, sbr. fyrsta staflið gr. 1.3 í II. viðauka í reglugerðinni. Þessar aðstæður/viðmiðunaraðstæður eiga að lýsa því sem næst náttúrulegum aðstæðum í vatnshlotum í hverri gerð en svigrúm er til að aðstæðurnar nái yfir vatnshlot þar sem gætir smávægilegra áhrifa af manna völdum ef vistfræðileg áhrif þeirra eru engin eða lítil sem engin. Um gæðapættina vísast til töflu 1.1 í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011. Hið sama gildir fyrir eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti sem styðja líffræðilegu þættina.

Yfirborðsvatnshlotin sem notuð verða til að ákveða viðmiðunaraðstæðurnar skulu hafa lítið mengunarálag og mjög gott vistfræðilegt ástand. Skoða þarf öll tiltæk gögn um núverandi lífríki þeirra og meta meðalgildi og breytileika fyrir talnagildi einstakra gæðapátta.

Hinar líffræðilegu viðmiðunaraðstæður og eðlis- og efnafræðilegu og vatnsformfræðilegu aðstæður fyrir hverja gerð og hvern gæðapátt skal setja fram sem svokallað vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR)¹³ sem er hlutfall á bilinu 0-1 þar sem 1 sýnir besta ástand en 0 versta. Með því að nota gæðahlutfallið er flokkun á vistfræðilegu ástandi stöðluð og samræmd á milli gæðapátta. Gæðapáttur settur fram á þennan hátt er nefndur samræmdur gæðapáttur. Ákvarða skal viðmiðunargildi fyrir vistfræðileg gæðahlutföll í ástandsflokkunum mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt ástand og síðan mörkin þar á milli. Flokkun þess gæðapátta sem kemur verst út ræður lokaflokkun á vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatnshlotsins.

Yfirlit yfir helstu þætti í ákvörðun líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra viðmiða til að ástandsflökka yfirborðsvatn og grunnvatn er sýnt á 11. mynd. Ferill við ákvörðum viðmiðunaraðstæðna og skila á milli flokkana fyrir vistfræðilegt ástand er sýndur á 12. mynd.

Manngerð og mikið breytt vatnshlot

Sömu aðferðir gilda líka fyrir mikið breytt eða manngerð yfirborðsvatnshlot og óbreytt yfirborðsvatnshlot en í stað vistfræðilegs ástands er notað hugtakið vistmegin. Formlega er manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum hvorki skipt í grunngerðirnar ár, stöðuvötn, árósa og strandsjó. Við mat á ástandi þeirra er hinsvegar stuðst við sömu gæðapætti, viðmiðunaraðstæður og aðstæður og notaðir eru fyrir þá grunngerð og þá gerð sem hæfir þeim best. Þó kann að þurfa að skilgreina önnur viðmið fyrir viðmiðunaraðstæður þegar í hlut eiga vissir gæðapætti sem hinar mannlegu breytingar hafa áhrif á, s.s. hitastig, súrefni eða grugg. Samkvæmt ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 535/2011 flokkast vatnshlot ekki sem manngert eða mikið breytt ef það nær góðu vistmegni.

¹² Vakin er athygli á því að orðið „viðmiðunaraðstæður“ er notað um líffræðilega gæðapætti en orðið „aðstæður“ um gæðapætti sem styðja líffræðilegu gæðapættina, þ.e. eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti.

¹³ EQR= Hlutfallið á milli viðmiðunargildis gæðapátta fyrir mjög gott ástand (V) og raunverulegs gildis fyrir gæðapáttinn (R). EQR=V/R.


Millikvörðun

Millikvörðun er gerð á milli þeirra ríkja sem taka þátt í henni til að ákvarða samræmda nálgum við ákvörðun markanna á milli *mjög góðs* og *góðs ástands* og á milli *góðs* og *ekki viðunandi ástands* fyrir hvern gæðapátt. Henni er ætlað að fastsetja gildi vistfræðilegra hlutfalla fyrir sömu aðferð við sýnatöku,

A. Yfirborðsvatnshlot:


1. Gæðapáttir vistfræðilegrar flokkunar

sbr. lið 1.1 í III. viðauka í rgl. nr. 535/2011



2. Efnafræðilegar gæðakröfur


sbr. lið 1.2.6 í III. viðauka í rgl. nr. 535/2011



B. Grunnvatnshlot:


1. Færibreyta til flokkunar magnstöðu

sbr. lið 2.1 í III. viðauka í rgl. nr. 535/2011




2. Færibreytur til flokkunar efnafræðilegs ástands

sbr. lið 1.2.6 í III. viðauka í rgl. nr. 535/2011



11. mynd. Yfirlit yfir ákvörðun líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra viðmiða til að ástandsflökka yfirborðsvatn og grunnvatn. Vistfræðilega ástandsflokkunin byggir á vistfræðilegum gæðahlutföllum (EQR) sem eru á bilinu 0-1.



12. mynd. Æskilegur ferill við ákvörðun viðmiðunaraðstæðna og aðskilnaðar á milli ástandsflokkanna *mjög gott, gott og ekki viðunandi* fyrir vistfræðilega ástandsflokkun í yfirborðsvatnshlotum. EQR stendur fyrir hlutfall gilda viðmiðunarástands og raungilda og er á milli 0 (verst) og 1 (best).¹⁴

mælingar og mat fyrir tiltekinn gæðabátt og í tiltekinni gerð yfirborðsvatnshlots. Ekki er um að ræða að taka upp sömu EQR-gildi óháð matsaðferðum, gerðum eða álagi. Með millikvörðun sem tekst geta ríkin sem í hlut eiga skilgreint á samræmdan hátt þann flokk sem markmiðið skv. vatnatilskipuninni er að ná, þ.e. *gott vistfræðilegt ástand*. Millikvörðunin stuðlar að sameiginlegum skilningi á samræmdu skilgreiningum fyrir flokkun á vistfræðilegu ástandi sem er að finna í gr. 1.2 í III. viðauka í rgl. nr. 535/2011.

Millikvörðun yfirborðsvatnshlota ber aðeins gera innan hvers vistsvæðis¹⁵ enda er staðsetningin í tilteknu vistsvæði hluti af gerðarflokkuninni.

¹⁴ Endurgert eftir Guidance Document No 10. Common Implimentation Strategy for the Water Framework Directive (2000/60/EC). Rivers and Lakes – Typology, Reference Conditions and Classification Systems. REFCOND. Office for Official Publications of the European Communities, 2003.

Millikvörðun fór fram á vegum ríkja Evrópusambandsins ásamt Noregi og er nú lokið. Aðeins í sumum tilvikum liggja fyrir töluleg gildi fyrir vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR). Ef matsaðferðir og gæðabættir sem vatnshlot árósa og strandsvæða á Íslandi verða flokkuð eftir eru þeir sömu og niðurstaða fékkst fyrir í millikvörðunarverkefninu fyrir vistsvæði 1 (sjá kort C í I. viðauka í rgl. nr. 535/2011) er hugsanlegt að nota þau gildi hér. Vistsvæði áa og stöðuvatna er hinsvegar bundið við Ísland svo engin millikvörðun milli ríkja þarf að fara þar fram.

Aðferðir við ákvörðun viðmiðunaraðstæðna og viðmiða fyrir gæðaflokkun

Aðferðir við skilgreiningu á viðmiðunaraðstæðum og viðmiðum við flokkun í vistfræðilega gæðaflokka eru sveigjanlegar og taka mið af þeim gögnum sem tiltæk eru til nota í þeim tilgangi en á innleiðingartímabilinu verða ekki stundaðar rannsóknir til að afla gagna sem kunna að vanta. Vistfræðilega gæðaflokkunin hefur þann tvíþætta tilgang að notast við mat á því hvort aðgerða er þörf og hvort aðgerðir hafi skilað árangri. Gert er ráð fyrir að yfirborðsvatnshlot sem fullnægjandi upplýsingar eru til um séu valin í hópa sem ætlað er að endurspeglar mismunandi gæðaflokka fyrir vistfræðilegt ástand þeirra. Líklegt ástand vatnshlotanna er fundið með hliðsjón af áhrifum og umfangi þeirra álagspáttanna sem verka á viðkomandi vötn. Ekki er nauðsynlegt að styðjast við alla gæðabættina við matið heldur er aðeins gert ráð fyrir að heppilegustu gæðabættirnir verði notaðir. Þeir eru valdir þannig að tryggt sé að þeir gefi marktæka vísbendingu um áhrif af álagi. Meðalgildi fyrir talnagildi valdra gæðabáttanna eru reiknuð, dreifing þeirra ákvörðuð og ef niðurstöðurnar eru nothæfar eru ályktanir dregnar af þeim um talnagildin fyrir mörkin á milli ástandsflokkana. Til að hægt sé að nota tiltekinn gæðabátt til að ákvarða mörk gæðaflokks í flokkunarkerfinu þarf hinsvegar breytileiki talnagildanna í hverjum flokki að vera innan ásættanlegra marka. Á 13. mynd er sýnt hvernig tengslum álagspáttanna og ástands vatnshlota er háttað og hún skýrir þannig grundvöllinn fyrir ofangreindri aðferðarfræði við ákvörðun viðmiða fyrir ástandsflokkun.

Vegna mikils náttúrulegs breytileika sem venjulega er í líffræðilegum gögnum, ekki síst gögnum um hryggleysinga, verður væntanlega fyrsta skrefið í þessari vinnu að skipta yfirborðsvatnshlotunum eftir eðlis- og efnafræðilegum þáttum og vatnsfræðilegum þáttum auk álagspáttanna. Slík skipting er líkleg til að endurspeglar líffræðilega skiptingu, þótt ekki sé hægt að fullyrða um það fyrir fram, og getur þjónað sem viðmiðun.


Ofangreind vinna er unnin sérstaklega fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlota og fást þannig sérstök flokkunarviðmið fyrir hverja gerð þeirra (gerðarsértæk).

Hægt er að nota sambland staðbundinna rannsókna og líkana til að finna viðmiðin sem best eru í samræmi við þær lýsingar sem gefnar eru í gr. 1.2 í III. viðauka í reglugerð nr. 535/2011 (sjá einnig gr. 1.2 í V. viðauka vatnatilskipunarinnar). Ef líffræðileg gögn eru ekki næg til að beita þeim aðferðum sem mælt er með í reglugerð nr. 535/2011 má samkvæmt henni og vatnatilskipuninni einnig styðjast við álit sérfræðinga við túlkun og notkun þeirra vísindalegra gagna sem tiltæk eru. Að loknu fyrsta

¹⁵ Vistsvæði (e. ecoregions) eru landsvæði sem skilgreind eru á landakortum í I. viðauka í rgl. nr. 535/2011. Þau eru hluti af gerðarflokkun A, þ.e. skyldubundinn lýsir og ber einnig að nota þótt gerðarflokkunar samkvæmt kerfi B sé notað.

vöktunartímabilinu verða ákvarðanir sem eru þannig teknar endurskoðaðar m.t.t. þess hvort þau gögn sem aflast hafa nægja til að beita megi þróaðri aðferðum við skilgreiningu flokkunarviðmiðanna.

Að síðustu er viðmiðunargildunum breytt yfir í gæðahlutföll (EQR).



13. mynd. Samband álags og ástands (punktalína). Vitneskja um álag er notuð til að fastsetja mörk gæðaflokka.

Verkefni og aðferðir á innleiðingartímanum

Í þessum kafla er fjallað fremur ítarlega um verkefni sem eru framundan og þær aðferðir sem beita skal. Þeim sem ekki vilja kafa mjög djúpt í slík atriði er bent á að í kaflanum **Tímaáætlun áfanga- og verkþátta** hér á eftir er gerð grein fyrir þeirri vinnuáætlun sem lögð hefur verið upp og tímasetningum einstakra áfanga og verkþátta.


Eins og fram hefur komið hefst hin eiginlega vinna við ástandsflokkunina ekki fyrr en á fyrsta framkvæmdatímabilinu 2016-2021. Þá er hvorki áður nefnd vinna við frumflokkun á grundvelli reglugerðar um varnir gegn mengun vatns né flokkun einstakra vatnshlota til reynslu meðtalin (sjá kaflann **Tímaáætlun áfanga- og verkþátta**). Á innleiðingartímabilinu er stjórnunarkerfi vatnamála fest í sessi og vinnan við ástandsflokkunina undirbúin, m.a. með svokallaðri eiginleikalýsingu¹⁶. Á þessu tímabili er megináherslan lögð á að koma stjórnkerfi vatnamála á og að ná að ljúka ferlinu fyrir vatnshlot á verndarsvæðum og fyrir vatnshlot sem eru talin undir umtalsverðu álagi.

Skilgreining vatnshlota og grunnflokkun vatna

Byrjað er á að afmarka vatnshlot og grunnflokka vötn í ár, stöðuvötn, árósa, strandsjó, manngerð vatnshlot og mikið breytt vatnshlot (14. mynd). Skiptingin í vatnshlot og grunnflokkun fer fram einu sinni en skilgreiningarnar eru samt háðar stöðugu endurmati. Með hliðsjón af vatnatilskipuninni er fyrst í stað

¹⁶ Einnig kallað eiginleikagreining.

einungis gert ráð fyrir að ár með stærra vatnasvið en 10 km² og stöðuvötn sem eru stærri en 0,5 km² verði flokkuð sem sérstök vatnshlot. Þetta má endurskoða eftir að stjórnkerfi vatnamála er komið á, þ.e. eftir innleiðingartímabilið. Engin slík stærðarmörk eru skilgreind í tilskipuninni fyrir árósa, strandsjó eða grunnvatn. Gert er ráð fyrir að þar sem það er skynsamlegt verði minni vötnum slegið saman í vatnshlot eða þau sameinuð vatnshlotum nærliggjandi vatnakerfis. Þá er haft í huga að það einfaldi stjórn vatnamála og auki þar með líkurnar á að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Reynt verður einnig að forðast óþarfa uppskiptingar vatns í grunnvatnshlot ef slíkar skiptingar eru ekki augljóslega til þess fallnar að auka líkurnar á að markmiðum laga um stjórn vatnamála verði náð, þ.e. að allt vatn sé a.m.k í góðu ástandi og að ástand þess versni ekki. Eftir að afmörkun vatnshlota hefur farið fram þarf þó hugsanlega í einhverjum tilvikum að hnika til afmörkun á vatnshloti, t.d. að deila vatnshloti í tvennt ef í ljós kemur að álag á einstaka hluta þess er mismikið. Yfirleitt er einfalt að skipta vötnum upp í grunnflokka en það á þó ekki við um árósana. Þar koma margar leiðir til greina við afmörkunina bæði ármegin og sjávarmegin.



14. mynd. Yfirlit yfir feril við afmörkun og gerðarflokkun vatnshlota en gerðarflokkun er hluti af eiginleikalýsingu þeirra. Lýsar úr kerfi B verða notaðir á Íslandi til viðbótar við skyldubundna lýsa úr kerfi A.

Skípting í gerðir

Þegar búið er að afmarka vatnshlot er vatnshlotunum skipt í gerðir, þ.e. samsafn svipaðra vatnshlota (14. mynd). Gerðarskiptingin felst í að hópa saman vatnshlot með lík landfræðileg einkenni. Skíptingin hefur þann tilgang að vatnshlot af hverri gerð endurspegli sem best einsleit vistkerfi og svipuð áhrif álags. Þannig er hægt að setja sérstök viðmið fyrir ástandsflokkun vatnshlotanna sem eingöngu gilda fyrir viðkomandi gerð og eru öðruvísi en viðmið fyrir aðrar gerðir (gerðarsértæk viðmið). Áður en vatnshlotunum er skipt í gerðir þarf að skilgreina flokkunarkerfi fyrir gerðarflokkunina. Það er gert með svokölluðum lýsum samkvæmt B-kerfi í 1. tl. II. viðauka í reglugerð nr. 535/2011. Þar sem lýsar skv. A-kerfi eru skyldubundnir ber að nota þá einnig. Velja skal nægilega marga lýsa til að hægt verði að ákveða líffræðileg viðmiðunargildi sem eru sérstök fyrir hverja gerð. Við skíptingu í gerðir er það haft að markmiði að gera stjórnsýsluna sem einfaldasta og skal miða fjölda gerða við að það markmið náist. Frekari uppskipting hefur því ekki tilgang og getur jafnvel gert stjórnunina óþarflega flókna. Ef á þarf að

halda mun gerðarflokkunin verða endurskoðuð eftir 2015 en þá er gert ráð fyrir að sérstök viðmiðunargildi hafi verið ákveðin fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlota.

Efnahagsleg greining

Efnahagsleg greining á vatnsnotkun er hluti eiginleikalýsingarinnar. Henni er ætlað að útvega mikilvægar upplýsingar til að nota við ákvarðanatöku við stjórn vatnamála og til að rökstyðja ákvarðanir. Upplýsingarnar sem fást með efnahagslegu greiningunni munu einnig varpa ljósi á það hverjir nýta vatn og á hvern hátt. Ennfremur mun greiningin leiða í ljós upplýsingar um kostnaðinn vegna nýtingar og hvar hann lendir. Um er að ræða hagræna greiningu á notkun vatns á Íslandi og tilraun til mats á virði þess. Greiningin nær til ársins 2015 og byggir á langtímaspám um framboð og eftirspurn eftir vatni og nýtingu þess. Hún nær til greiningar á vatnsnotkun og hvernig á að endurheimta kostnað við vatnsþjónustu og aðra starfsemi sem hefur umtalsverð áhrif á ástand vatns, m.a. vegna skólphreinsunar og töku, dreifingar og sölu vatns. Efnahagslega greiningin greinir þannig umhverfis- og auðlindakostnað við vatnsþjónustuna, s.s. kostnað vegna tjóns eða skaðlegra áhrifa á vatn auk kostnaðar vegna aðgerða sem grípa þarf til svo ná megi umhverfismarkmiðunum, þ.m.t. kostnaðinn við stjórn vatnamála, sem tekur til kostnaðar vegna þeirra verkefna sem lýst er í áfanga- og verklýsingunni, þó ekki vegna öflunar opinberra gagna sem þegar eru til eða verður hvort eð er aflað af öðrum ástæðum.

Greiningin er nauðsynleg forsenda gjaldtöku vegna vatnsnotkunar í víðustu merkingu þess orðs (sjá skilgreiningu í III viðauka). Kostnaður við hugsanlegar aðgerðir til að draga úr álagi frá landbúnaði, iðnaði og skólpi verður einnig metinn og fundin hagkvæmasta samsetning aðgerða sem taka má inn í aðgerðaáætlun.

Efnahagslegt mat þarf auk þess að fara fram á því hvað það kostar að breyta manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum aftur í það horf að þau geti náð umhverfismarkmiði um gott vistfræðilegt ástand árið 2021 án þess að missa hið manngerða notagildi eða bæta það upp á annan hátt. Ef markmið um ávinning af slíkum vatnshlotum eftir slíkar breytingar eru ekki gerleg eða kostnaðurinn við þær reynist óhóflegur er réttlætanlegt að halda skilgreiningu um manngert eða mikið breytt vatnshlot og viðmiðun á grundvelli vistmegins. Við þessar aðstæður er í vissum tilvikum heimilt setja vægari umhverfismarkmið, þó þannig að ástand vatnsins versni ekki.

Einnig verður gerð efnahagsleg greining á þeim aðgerðum sem til greina kemur að grípa til vegna slaks ástands í tilteknum vatnshlotum. Kostnaður verður veginn á móti líklegum árangri. Þannig verður hægt að forgangsraða aðgerðum eftir því hversu hagkvæmar þær eru.

Skráning álagsþátta

Umtalsverð mengun af dreifðum uppruna frá búnaði og starfsemi í þéttbýli, iðnaði og landbúnaði verður metin og greind. Í þeirri vinnu verður m.a. stuðst við upplýsingar og gögn sem safnað er samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp, reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, reglugerð um markaðssetningu sæfiefna, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Ofangreint mat og greining mun einkum byggjast á álagsþáttum af völdum forgangsefna og taka mið af ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns, m.a. hvað varðar saurkólí- og saurkakkabakteríur. Mat og/eða greining verður gerð á a)

umtalsverðri vatnstöku, m.a. á árstíðarmun, heildareftirspurn og vatnstapi úr dreifikerfum, b) áhrifum umtalsverðrar stýringar vatnsflæðis á almenna rennliseiginleika og vatnsjöfnuð, c) umtalsverðum formfræðilegum breytingum á vatnshlotum og d) öðrum umtalsverðum áhrifum af mannavöldum á ástand yfirborðsvatns. Álagsgreiningin nær einnig til mats á landnýtingarmynstri, þ.m.t. tilgreiningu helstu þéttbýlissvæða, iðnaðar- og landbúnaðarsvæða og, þar sem við á, lax- og silungsveiðisvæða og skóga.

Fyrir hvern álagsþátt verða ákveðin viðmið eða skilgreiningar á því hvað eigi að teljast umtalsvert álag, þ.e. álag sem getur eitt sér eða með álagi af öðrum toga orðið til þess að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum. Við frekari vinnu með vatnshlotin verður aðeins umtalsvert álag notað.


Mat á áhrifum álags og hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum

Að lokinni álagsgreiningunni skal meta hversu næm yfirborðsvatnshlotin eru fyrir álagsþáttum. Það þýðir að meta þarf hvaða breytingum á ástandi megi búast við þegar umfang tiltekins álags breytist (sjá 13. mynd). Meðal upplýsinga sem hafðar verða til hliðsjónar við matið er sú flokkun á vötnum sem þegar hefur verið gerð á vegum heilbrigðisnefnda á undanförunum árum á grundvelli reglugerðar um varnir gegn mengun vatns en um 10 stöðuvötn og 20 fallvötn hafa verið flokkuð á þann hátt. Á grundvelli álagsgreiningarinnar, þeirrar skilgreiningar á umtalsverðu álagi sem notuð verður, almennri þekkingu á eiginleikum viðkomandi vatnshlota og líklegum áhrifum álagsþáttanna auk viðmiða sem Umhverfisstofnun skal áætla fyrir hvert yfirborðsvatnshlot (sérfræðimat) hversu líklegt sé að það muni ekki uppfylla umhverfismarkmiðin um gott eða mjög gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand árið 2021¹⁷ (15. mynd). Vatnshlotunum verður skipt í þrjá flokka eftir þessum líkindum. Á grundvelli skiptingarinnar fer svo fram frekari skoðun á gögnum þeirra vatnshlota sem talin er hætta á að uppfylli ekki umhverfismarkmiðin og frekari lýsing á þeim er gerð í því skyni að undirbúa vöktunar- og aðgerðaáætlanir en bæði er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að draga úr álaginu og vakta slík vötn til að meta árangur aðgerðanna.

Frumflokkun á vistfræðilegu ástandi

Á undanförunum árum hafa nokkrar ár og stöðuvötn verið flokkaðar af heilbrigðisnefndum m.t.t. mannlegra áhrifa. Flokkunin er byggð á ákvæðum um umhverfismörk í reglugerð um varnir gegn mengun vatns og er sambærileg vistfræðilegri flokkun fyrir eðlisefnafræðilega gæðarætti og blaðagrænu α á grundvelli reglugerðar nr. 535/2011 í nýja stjórnkerfinu. Á fyrsta tímabilinu þegar verið er að innleiða nýja stjórnkerfið er ætlunin gera frumflokkun á vistfræðilegu ástandi þeirra vatnshlota sem þegar hafa verið flokkuð á grundvelli reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Mæligildin fyrir þessi vötn ásamt upplýsingum um álag verða auk þess notuð til að afla upplýsinga um áhrif álags og hættuna á því að önnur sambærileg vatnshlot standist ekki umhverfismarkmiðið um gott eða mjög gott ástand. Við frumflokkunina verða mæliniðurstöður frá einu vatnshloti flutt yfir á annað og það flokkað eins, ef það er sambærilegt að gerð og með svipað álagsmat. Að öðru leyti verður formleg flokkun ekki gerð fyrr en eftir 2015 enda ástandsflokkun vatnshlota ekki skyldubundin fyrr.

¹⁷ Sbr. tl. 1a)ii í 4. gr. vatnatilskipunarinnar og 15. gr. í lögum um stjórn vatnamála. Í tilskipuninni segir að öllum markmiðum tilskipunarinnar skuli náð eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag tilskipunarinnar (1. maí 2009) sem gerir 2024. Þar sem flýtiáætlun er í gildi er þetta ártal nú 2021. Í lögum segir að markmiðunum skuli náð 6 árum eftir að vatnaáætlun tekur gildi en stefnt er að því að hún taki gildi 2015.



15. mynd. Meginþættir eiginleikalýsingar í innleiðingarferli nýs stjórnunarkerfis vatnamála¹⁸.

Grunnvatn

Eiginleikalýsingu skal einnig gera á grunnvatnshlotum, sbr. 2. tl í II. viðauka í reglugerð nr. 535/2011. Tilgangur hennar er að meta notkun grunnvatnshlotanna og hversu mikil hættu er á að styrkur mengunarefna í vatninu sé yfir umhverfismörkum og á því hvort ójafnvægi sé á milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatnsins. Þar sem vistfræðilegt mat fer ekki fram á grunnvatnshlotum eru þau hinsvegar ekki flokkuð í mismunandi gerðir eins og yfirborðsvatnshlotin. Í fyrstu lýsingu á öllum grunnvatnshlotum er heimilt að lýsa mörgum grunnvatnshlotum saman. Álagsgreining er einnig gerð fyrir grunnvatnshlot og snýr að mengunarföldum og vatnstöku neysluvatns og jarðhitavatns. Einnig þarf að setja umhverfismörkin fyrir leiðni og hin mengandi efni í grunnvatni og eftir 2015 þarf að ástandsflokka þau með tilliti til magnstöðu þeirra og efnafræðilegs ástands. Á 16. mynd er yfirlit yfir mat á áhrifum álags, vöktun og ástandsflokkun. Aðeins tveir ástandsflokkar eru notaðir fyrir grunnvatn.

Vöktun á ástandi vatnshlota

Gera á áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og um vöktun svæða sem njóta verndar. Áætlunin gildir fyrir vatnaumdæmið sem er allt Ísland og skal þar m.a. kveðið á um tíðni og þéttleika vöktunarstaða. Hlutaðeigandi ríkisstofnanir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um vöktun samkvæmt áætluninni en Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga geta þó samið um annarskonar fyrirkomulag. Gert er ráð fyrir að verkaskipting á milli þessara aðila taki sem mest mið af framkvæmdinni eins og hún hefur verið fram að þessu eða á þann hátt sem lög gera ráð fyrir, hafi ekki verið samið um annað.

Vöktun á gæðum vatns hefur farið fram víða um land undanfarin ár bæði á yfirborðsvatnshlotum og grunnvatnshlotum, t.d. þar sem neysluvatn er tekið. Sú vöktun mun halda áfram á svipaðan hátt í fyrstu en þarf síðan að laga að breyttri löggjöf. Til lengri tíma er vöktunin óaðskiljanlegur hluti

¹⁸ Aðlagð frá CIS Guidance Document No 3, Analysis of Pressures and Impacts. IMPRESS. European Communities, 2003.

gæðaflokkunarinnar. Með þeim aðferðum sem lögfestar hafa verið á að vera tryggt að vöktun skili þeim upplýsingum sem þarf til að flokkun geti farið fram og að hægt sé að fylgjast með hvernig gengur að ná markmiðum laganna um stjórn vatnamála. Í yfirborðsvatni er vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vaktað en í grunnvatni magnstaða (grunnvatnsstaða) og efnafræðilegt ástand (leiðni og nánar tilgreind mengunarefni).

Umhverfisráðherra staðfestir vöktunaráætlun að fenginni tillögu Vatnaráðs.

Þrenns konar vöktun er skilgreind í tengslum við vatnastjórnun:

Yfirlitsvöktun

Yfirlitsvöktun er ætlað er að afla upplýsinga um langtímabreytingar á viðmiðunarástandi og af völdum umfangsmikillar starfsemi auk þess sem upplýsingarnar sem aflast í vöktuninni á að nota til að bæta og fullkomna aðferð við mat á áhrifum mengunar á mismunandi gerðir vatnshlota. Yfirlitsvöktun er hin hefðbundna vöktun samkvæmt skilningi þess orðs. Hún skal fara fram á nægilega mörgum vatnshlotum til að hægt sé að meta heildarástand yfirborðsvatns innan hvers vatnasviðs. Til að meta það þarf að vakta ár þar sem vatnsrennsli er talsvert og vatnasvið stærra en 2.500 m² og enn fremur stór vötn og miðlunarlón, óháð álagi. Til að afla upplýsinga um langtímabreytingar af völdum umfangsmikillar starfsemi skal yfirlitsvöktun fara fram í ferskvatnshlotum sem eru viðtakar fyrir skólp frá þéttbýli sem jafngildir 2.000 persónueiningum eða meira, strandsjávarhlotum sem eru viðtakar fyrir skólp frá þéttbýli sem jafngildir 10.000 persónueiningum eða meira og ferskvatnshlotum í þéttbýli sem eru undir miklu álagi.

Vöktun á hverjum stað skal standa í a.m.k. eitt ár á hverju 6 ára framkvæmdatímabili og taka til líffræðilegra, vatnsformfræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðapátta auk forgangsefna og annarra mengunarefna. Yfirlitsvöktunarnetið verður notað til að meta og fylgjast með bakgrunnsgildum fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlota þar sem landfræðilega lík svæði eru notuð til að ákvarða viðmiðunaraðstæður fyrir einstakar gerðir vatnshlota. Innan netsins skal vera nægilegur fjöldi staða þar sem ástand er mjög gott til að tryggja viðunandi áreiðanleika gildanna sem notuð eru fyrir viðmiðunaraðstæðurnar. Ef talið er að grunnvatnshlot muni ná umhverfismarkmiðunum árið 2021 er ekki gerð krafa um yfirlitsvöktun þess.


Aðgerðavöktun

Aðgerðavöktun fer fram á vatnshlotum sem talið er að nái ekki umhverfismarkmiðum eða eru viðtakar fyrir forgangsefni og er gerð til að meta hvort aðgerðir sem gripið er til í slíkum vatnshlotum samkvæmt aðgerðaáætlun nái tilætluðum árangri. Vöktunin er árleg en ekki er þó þörf á að vakta öll slík vatnshlot, ef nokkur eru keimlík að gerð og undir sambærilegu álagi nægir að vakta eitt þeirra. Í grunnvatni er aðgerðavöktun einnig ætlað að leiða í ljós hvort leitni í styrk mengunarefna af mannavöldum sé stígangi á löngum tíma.

Rannsóknarvöktun

Rannsóknarvöktun er ætlað að leiða í ljós óþekktar ástæður þess að styrkur mengandi efna í tilteknu vatnshloti fer yfir viðmiðunarmörk. Ef aðgerðavöktun fer ekki fram á vatnshlotinu og vísbendingar úr yfirlitsvöktun gefa til kynna að það muni ekki ná umhverfismarkmiðum er rannsóknarvöktun sett af stað til að kanna hugsanlegar orsakir þess. Hún er auk þess notuð til að ganga úr skugga um umfang og áhrif

mengunarslysa. Rannsóknarvöktun er ætlað að vera grundvöllur að gerð aðgerðaáætlunar ásamt sértækum ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að draga úr áhrifum mengunarslysa.



16. mynd. Ferill vinnunnar frá eiginleikalýsingu, í vöktun og yfir í ástandsflokkun¹⁹.

Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun skal taka til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum um ástand vatnshlotanna. Aðgerðirnar geta því ýmist beinst að því að bæta ástand vatnshlots sem ekki nær umhverfismarkmiðum eða að viðhalda góðu ástandi vatnshlots sem er í góðu ástandi en í hættu á að falla um flokk. Aðgerðaáætlun skal byggð á greiningum og mati í samræmi við kröfur sem fram koma í vatnaáætlun og vera hluti hennar. Í aðgerðaáætlun skal telja upp þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og enn fremur þær viðbótarráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til að ná settum umhverfismarkmiðum. Í tengslum við gerð aðgerðaáætlunar skal gera hagkvæmiathugun á mismunandi aðgerðum. Þær aðgerðir sem taldar eru skila mestum árangri með minnstum tilkostnaði verða settar í forgang. Ákvarðanir um framkvæmd einstakra aðgerða samkvæmt aðgerðaáætlun taka eingöngu þar til bær stjórnvöld eða leyfisveitendur á grundvelli viðkomandi löggjafar.

Vatnaáætlun

Vatnaáætlun er helsta stjórnækið til að ná markmiðum laganna um stjórn vatnamála. Í vatnaáætlun er sjónum beint að vistkerfum og stjórnsýslu innan vatnasvæða og er hún byggð á kortlagningu og vöktunarniðurstöðum. Hún byggir á þeirri grunnvinnu sem unnin hefur verið, s.s. eiginleikalýsingu og

¹⁹ Endurgert eftir Økologisk og kjemisk klassifiseringssystem for kystvann, innsjøer og elver i henhold til vannforskriften. Direktoratgruppen for gjennomføringen av vanddirektivet. Noregur 2009.

bráðabirgðayfirliti yfir mikilvæg atriði í vatnaáætlun. Vatnaáætlunin mun gefa eins nákvæmt yfirlit og kostur er yfir umhverfisástand alls vatns (yfirborðsvatns og grunnvatns) og þá áhættu að vatnshlotin uppfylli ekki kröfu um gott ástand fyrir árið 2021²⁰. Einnig mun vatnaáætlun gefa yfirlit yfir umtalsvert álag á vatnshlot, núverandi vöktun og framtíðaráætlanir um vöktun vatnshlota, umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin, aðgerðir sem grípa verður til svo ná megi umhverfismarkmiðunum, kostnaðar- og ábatagreiningu aðgerða og yfirlit yfir þær aðgerðir sem hver geiri á sviði vatnamála mun bera ábyrgð á. Ef á þarf að halda er hægt að útfæra vatnaáætlunina nánar fyrir hluta landsins, fyrir vissa geira vatnamála eða fyrir önnur atriði sem kunna að krefjast ítarlegri umfjöllunar eða meðferðar.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skulu eftirtaldir þættir m.a. koma fram í vatnaáætlun:

1. Almenn lýsing á eiginleikum vatnaumdæmisins og flokkun vatnshlota. M.a. kort yfir staðsetningu og mörk yfirborðsvatnshlotanna, kort yfir vistsvæði og gerðir yfirborðsvatnshlota, bakgrunnsgildi fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota og kort yfir staðsetningu og mörk grunnvatnshlotanna.
2. Lýsing á álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, þ.m.t. mat á mengun frá punktuppsprettum og dreifðum upptökum, s.s. landnýting, mat á álagi á magnstöðu vatns, m.a. vatnstaka, og greining á öðrum áhrifum á ástand vatns.
3. Yfirlit og kort yfir vernduð svæði.
4. Yfirlit og kort yfir sýnatökustaði sem mynda samanburðarhæft kerfi og sýnir niðurstöður vöktunaráætlana sem framkvæmdar hafa verið og sýna áhættumat fyrir vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns, efnafræðilegt ástand og magnstöðu grunnvatns og ástand verndaðra svæða.
5. Yfirlit yfir umhverfismarkmið sem komið er á fyrir yfirborðsvatn, grunnvatn og vernduð svæði. Þar skulu koma fram tilvik þar sem beitt hefur verið ákvæðum laganna um ástandsflokkun, fresti, vægari umhverfismarkmið og tímabundina spillingu vatnshlota af náttúrulegum orsökum eða vegna óviðráðanlegra atvika. Einnig skulu koma fram tilvik þar sem heimildum laganna um að gera breytingar á vatnshloti hefur verið beitt ef þær hafa í för með sér að ekki er unnt að ná umhverfismarkmiðum.
6. Niðurstöður efnahagslegrar greiningar á vatnsnotkun.
7. Útdráttur úr aðgerðaáætlun, þ.m.t. leiðir sem fara skal til að ná umhverfismarkmiðum:
 - 7.1. Yfirlit yfir nauðsynlegar aðgerðir.
 - 7.2. Skýrsla um þau skref sem stigin eru til að beita meginreglunni um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar.
 - 7.3. Yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum um að vatnsgæði í vatnshlotum til neysluvatnstöku hraki ekki.
 - 7.4. Yfirlit yfir eftirlit með vatnstöku og vatnsmiðlun, þ.m.t. tilvísun til skráa og leyfisveitinga samkvæmt öðrum lögum.
 - 7.5. Yfirlit yfir eftirlit með losun frá punktuppsprettum mengunar og annarri starfsemi sem hefur áhrif á ástand vatns í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun vatns.
 - 7.6. Tilvik þar sem bein losun í grunnvatn hefur verið leyfð í samræmi við ákvæði sem sett eru um varnir gegn mengun grunnvatns.
 - 7.7. Yfirlit yfir aðgerðir til að fullnægja kröfum um að draga í áföngum úr mengun af völdum forgangsefna.
 - 7.8. Yfirlit yfir aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarslys eða draga úr áhrifum þeirra.

²⁰ Sbr. tl. 1a)ii í 4.gr. vatnatilskipunarinnar og 15. gr. laga um stjórn vatnamála.

- 7.9. Yfirlit yfir ráðstafanir í vatnshlotum þar sem umhverfismarkmið hafa ekki nást og ólíklegt er að vægari umhverfismarkmið náist heldur, m.a. endurskoðun á starfsleyfum.
- 7.10. Upplýsingar um viðbótaraðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til að settum umhverfismarkmiðum verði náð.
- 7.11. Upplýsingar um aðgerðir til að koma í veg fyrir mengun sjávar.
8. Skrá yfir vöktunaráætlun og hvers konar ýtarlegri áætlanir fyrir landið allt eða einstök vatnasvæði eða geira, svo sem skipulagsáætlanir, vegaáætlanir, orkuáætlanir auk greinargerðar um inntak þeirra.
9. Yfirlit yfir almennar upplýsingar og samráð við almenning, árangur af því starfi og breytingar sem gerðar eru á áætluninni í kjölfarið.
10. Yfirlit yfir gögn sem aflað er af vatnasvæðisnefndum, ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila, Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofu Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnun eða annarra aðila sem samið er við um tiltekin verk.

Nefna má fleiri mikilvægar forsendur fyrir því að árangur náist. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, s.s. skipulags-, náttúruverndar-, orkunýtingar- og samgönguáætlanir vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd í vatnaáætlun. Það mun þó taka tíma að aðlaga þær vatnaáætluninni, t.d. er gert ráð fyrir að samræming skipulagsáætlana taki allt að 6 ár.

Samkvæmt lögnum um stjórn vatnamála eiga leyfisveitendur samkvæmt vatnalögum, skipulagslögum, lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og lögum um mannvirki að tryggja að leyfin séu í samræmi við stefnumörkunina og endurskoða þau ef í ljós kemur að umhverfismarkmið skv. vatnaáætlun munu ekki nást. Leyfisveitendum samkvæmt raforkulögum og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins er auk þess heimil slík endurskoðun á starfsleyfum. Þá er heilbrigðisnefndum og Umhverfisstofnun heimilt skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að endurskoða starfsleyfi áður en gildistíma þeirra er lokið vegna breyttra forsenda. Þar sem umhverfismarkmiðin eiga að nást eigi síðar en 2021 þegar fyrsta framkvæmdatímabilinu lýkur gætu ráðstafanir samkvæmt viðkomandi ákvæðum ofangreindra laga því fyrst haft áhrif eftir það.

Í löggjöfinni um stjórn vatnamála er mælt fyrir um hvernig vinna skuli vatnaáætlunina og aðgerðaáætlunina. Stjórnvöldum, sveitarfélögum, stofnunum og öðrum aðilum málsins er ætlað að vinna saman og reyna að ná samkomulagi um vatnaáætlunina.

Umhverfismat vatnaáætlunar mun fara fram í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Þar sem bæði vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun eru hluti vatnaáætlunar nær matið einnig til þeirra.

Tímaáætlun áfanga og verkþátta

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tímasetningu einstakra verkliða og áfanga í innleiðingu nýja stjórnunarkerfisins fyrir vatn. Ennfremur er gerð grein fyrir ákvæðum um tímasetningar í vatnatilskipuninni, lögnum um stjórn vatnamála og reglugerðum. Nokkrar samstarfsstofnanir Umhverfisstofnunar munu vinna ákveðna verkþætti og er nánar kveðið á um það í samningum Umhverfisstofnunar við þær.

Þeim sem vilja kynna sér nánar hvað í einstökum liðum felst er bent á kaflana **Meginatriði vatnastjórnunarkerfisins og Verkefni og aðferðir á innleiðingartímanum** hér fyrir framan þar sem gerð er sérstök grein fyrir verkefninu öllu og þar með flestum þeim verk- eða áfangaliðum sem fjallað er um í kaflanum hér. Ennfremur er bent á kaflann **Stjórnvöld og aðrir þátttakendur** þar sem má kynna sér hlutverk þeirra sem að þessum málum koma. Yfirlit yfir það er einnig að finna í II. viðauka.

Vakin er aftur athygli á því að þrátt fyrir að frestur sé fram til 1. janúar 2018 til að ljúka vatnastjórnaráætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála hefur verið ákveðið flýta gerð hennar um þrjú ár til að vera í sama fasa og aðrar Evrópuþjóðir. Þannig mun fyrsta vatnaáætlun Íslands liggja fyrir á sama tíma og önnur vatnaáætlun þeirra. Ýmsa verkliði verður því að vinna um tveimur til þremur árum fyrir en gerð er krafa um og skýrir það þann mun sem kemur fram í þessum kafla á tímafrestum í löggjöfunni og tímasetningunum í áfanga- og verkáætluninni.

Tímasetning aðgreindra verkliða í áfanga- og verkáætluninni er sýnd í 1. töflu. Áfanga- og verkáætlun skal kynnt opinberlega í síðasta lagi þremur árum áður en ný vatnaáætlun gengur í gildi, sbr. 27. gr. laga um stjórn vatnamála. Frestur til að gera athugasemdir er 6 mánuðir.

Þeir áfangar og verkþættir sem áfanga- og verkáætlunin tekur til eru þessir:

Vatnaráð hefur störf.

Um skipan í vatnaráð er fjallað í ákvæðum í lögum og reglugerð um stjórn vatnamála. Vatnaráði er m.a. ætlað að veita umsögn um reglugerðir sem settar eru á grundvelli laganna. Reglugerð nr. 535/2011 var gefin út í byrjun sumars áður en vatnaráð var stofnað en ekki varð hjá því komist hvað þessa einu reglugerð varðaði til að tryggja fulla innleiðingu vatnatilskipunar og að hægt væri að hefjast handa við innleiðingu á stjórn vatnamála. Sú reglugerð verður endurskoðuð í ársbyrjun 2012.

Vatnaráð tók til starfa í júní 2011.

Samningar Umhverfisstofnunar við rannsóknastofnanir og fleiri

Umhverfisstofnun fer með umsjón þeirra fjármuna sem lagðir eru í innleiðingu á stjórn vatnamála og undirbúningi vatnaáætlunar. Samkvæmt 10. gr. laga um stjórn vatnamála, sbr. einnig 2, mgr. 4. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála, gerir stofnunin m.a. samninga við Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnun um að leggja fram tiltekin gögn og sérfræðiþekkingu við undirbúning vatnaáætlunar gegn greiðslu. Umhverfisstofnun er einnig heimilt að semja við aðra um slík verk. Samningarnir eru forsenda fyrir því að mörg þeirra verka sem nefnd eru hér að neðan geti hafist.

Fyrstu samningarnir fyrir 2011 voru undirritaðir í október 2011 (Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknarstofnun). Eftir árið 2011 munu samningarnir fyrir hvert fjárlagaár liggja fyrir í upphafi hvers árs.

Vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir hefja störf

Um skipan í vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir fer skv. ákvæðum í lögum og reglugerð um stjórn vatnamála.

Gert er ráð fyrir að vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir hefji störf í byrjun árs 2012.

Grunnflokkun vatns og flokkun í vatnshlot

Skipta skal öllu vatni í vatnshlot og flokka það í ár, stöðuvötn, árósa, strandsjó, mikið breytt vatnshlot og manngerð vatnshlot samhliða því að þeim er skipt í vatnshlot. Veðurstofa Íslands annast þessa vinnu fyrir yfirborðsvatn á landi, Hafrannsóknastofnun fyrir strandsjó og Orkustofnun fyrir grunnvatn. Orkustofnun mun leggja fram lista yfir hvaða vatnshlot ættu að teljast manngerð og mikið breytt vatnshlot.

Þessi vinna er hafin og á að verða lokið fyrir mitt ár 2012. Endurskoðun og lagfæringar munu standa lengur.

Tillaga að áfanga- og verkáætlun

Áætlunin leggur línurnar fyrir vinnuna framundan og ber að kynna opinberlega skv. lögum um stjórn vatnamála. Að lokinni kynningu verður áætlunin endurskoðuð m.t.t. athugasemda og ábendinga og gefin út og kynnt ásamt greinargerð um athugasemdirnar þar sem fram mun koma hvort eða hvernig tillit var tekið til þeirra. Áætlunina og greinargerðina verður að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Kynning á áætluninni mun fara fram frá 3 nóvember 2011 til 2. maí 2012. Áætlunin tekur svo gildi um leið og búið er að yfirfara hana m.t.t. innkominna athugasemda.

Skrásetning verndaðra og viðkvæmra svæða

Umhverfisstofnun mun gera skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði en hún er nauðsynlegur hluti vatnaáætlunar, sbr. 25. gr. laga um stjórn vatnamála og 15. gr. reglugerðar nr. 535/2011 og skal gerð hennar vera lokið fyrir 22. desember 2013. Skráin mun taka til svæða þar sem neysluvatnstaka fer fram eða er fyrirhuguð, svæða sem vernduð eru vegna efnahagslega mikilvægra tegunda vatnalífvera, vatnshlota sem eru tilnefnd/flokkuð sem afþreyingarvötn, svæða sem eru næm fyrir næringarefnum, þ.m.t. svæði sem eru metin viðkvæm samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og annarri starfsemi, samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp. Ennfremur svæði sem eru tilnefnd í því skyni að friða búsvæði eða tegundir þar sem viðhald eða umbætur á ástandi vatnsins er mikilvægur þáttur í verndinni auk svæða sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt lögum eða eru friðlýst vegna sérstöðu vatns. Í skránni skal m.a. tilgreina vatnavistkerfi, svo og vistkerfi sem tengjast vatnavistkerfum að vatnabúskap. Um leið og skráningu er lokið verður skráin gerð aðgengileg almenningi og síðan uppfærð reglulega. Í skránni skulu vera kort sem sýna

staðsetningu sérhvers verndaðs svæðis og lýsing á löggjöfnum þar sem svæðin eru tilnefnd. Skráin verður m.a. notuð við gerð vöktunaráætlunar.

Áætlað er að vinna við að taka saman slíka skrá ásamt helstu upplýsingum um hvert svæði muni hefjast í byrjun árs 2012 og ljúka um haustið sama ár.

Eiginleikalýsing vatnshlota

Þessi verkliður tekur til lýsingar á eiginleikum allra skilgreindra vatnshlota á landinu. Ramminn fyrir eiginleikalýsinguna er gefinn í reglugerð nr. 535/2011. Í lýsingu á eiginleikum felst að taka ákvörðun um skilgreiningarþætti (lýsa) og flokkunarkerfi fyrir gerðir vatnshlota og skiptingu vatnshlota í gerðir. Lýsingin tekur einnig til mats á álagi af starfsemi manna og áhrifum þess á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns og síðan flokkunar yfirborðsvatnshlota í þrjá flokka með tilliti til þess hversu líklegt sé að vatnshlotið muni uppfylla umhverfismarkmiðið. Að síðustu tekur eiginleikalýsingin til efnahagslegrar greiningar á vatnsnotkun. Upphafleg eiginleikalýsing mun fara þannig fram að hópar vatnshlota verða greindir saman allstaðar þar sem því verður við komið.

Samkvæmt vatnatilskipuninni skal eiginleikalýsingunni vera lokið eigi síðar en 1. maí 2013 (4 árum eftir gildistöku tilskipunarinnar). Ef nauðsyn krefur verða ofangreindar greiningar og mat síðan yfirfarið og uppfært, eigi síðar en 1. maí 2022 (13 árum eftir gildistöku tilskipunarinnar) og á 6 ára fresti eftir það. Vinna við eiginleikagreininguna mun fara fram á vegum Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og Orkustofnunar.

Hér að neðan er gerð fyrir helstu verkþáttum eiginleikalýsingar.

Skipting vatnshlota í gerðir

Verkþátturinn felst í ákvörðun um flokkunarkerfi fyrir gerðir yfirborðsvatnshlota og flokkun þeirra í gerðir skv. þeim lýsum sem notaðir verða. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 535/2011 skal nota lýsa bæði úr A- og B-kerfi við skilgreiningu á gerðum vatns en eftir er að ákvarða hvaða lýsar úr B-kerfi verða notaðir sem flokkunarþættir. Veðurstofa Íslands mun gera tillögu um flokkunarforsendur fyrir gerðarflokkun yfirborðsvatns á landi og Hafrannsóknastofnun strandsjávar. Stofnanirnar munu svo sjá um að skipta vatnshlotunum í þá gerðarflokka.

Áætlað er að vinna við skilgreiningu á gerðum yfirborðsvatnshlota og skiptingu þeirra í mismunandi gerðir hefjist haustið 2011 og ljúki í sumarlok 2012.

Efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar

Efnahagsleg greining á vatnsnotkun er einn hluti eiginleikalýsingar og fer fram á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Gerð lagafrumvarps um gjaldtöku af atvinnurekstri sem nýtir vatnsauðlindina mun taka mið af þessari skýrslu. Sú gjaldtaka á að vera hafin 2013. Hér er einnig gert ráð fyrir öðrum efnahagslegum greiningum, s.s. vegna hugsanlegra aðgerða er taka til manngerðra og mikið breyttra vatnshlota eða greiningar á hagkvæmni ráðstafana sem eru nauðsynlegar við forgangsröðun þeirra við gerð aðgerðaáætlunar (brotin súla í 1. töflu).

Vinna við greininguna er hafin. Gert er ráð fyrir þeim hluta hennar sem snýr að eiginleikalýsingunni ljúki með skýrslu í byrjun árs 2012 en efnahagslegar greiningar að öðru leyti ekki fyrr en í sumarbyrjun 2014.

Álagsgreining

Umhverfisstofnun annast álagsgreiningu yfirborðs- og grunnvatnshlota með aðstoð heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Söfnun á upplýsingum um umtalsvert álag af mannavöldum á vatnshlot er þegar hafin, m.a. um gerð og umfang álags.

Skv. 5. gr. vatnatilskipunarinnar skal álagsgreiningunni lokið eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag tilskipunarinnar, þ.e. fyrir 1. maí 2013. Ef nauðsyn krefur skal fara yfir niðurstöðurnar og uppfæra þær eigi síðar en 13 árum eftir gildistökudaginn, þ.e. 1. maí 2022, og á 6 ára fresti eftir það.

Vinna við álagsgreininguna hófst á miðju ári 2011 og er áætlað að henni ljúki haustið 2012.

Mat á áhrifum álags á ástand, áhættuflokkun og frekari lýsing vatnshlota

Undir þennan verkþátt fellur mat á áhrifum umtalsverðs álags á ástand yfirborðsvatns- og grunnvatnshlota. Mat á áhrifum álags verður gert af Umhverfisstofnun. Á grundvelli þess setur stofnunin viðmið sem hægt verður að nota til að meta líkur á því að vatnshlot nái ekki að uppfylla sett umhverfisgæðamarkmið árið 2021 og metur vatnshlotin að þessu leyti. Stofnunin lýsir einnig frekar eiginleikum þeirra yfirborðsvatnshlota sem eru talin í hættu á að uppfylla ekki umhverfismarkmiðin og það sama er gert ráð fyrir að Orkustofnun geri fyrir grunnvatnshlotin. Á þessu stigi mun Umhverfisstofnun frumflokka eða láta frumflokka vatnshlot samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skal matið og flokkunin hafa farið fram eigi síðar en 1. janúar 2015.

Áætlað er að verkþáttur þessi hefjist að vori 2012 og að honum ljúki um vorið 2013.

Vatnshlotagrunnur

Settur verður upp vatnshlotagrunnur á vegum Veðurstofu Íslands til að halda utan um þær upplýsingar sem safnað er til að nota fyrir eiginleikalýsingu og flokkun vatns á Íslandi, vöktun þeirra og stjórnun. Áhersla verður fyrst í stað lögð á að nýta þær upplýsingar sem til eru. Stuðst verður við hugmyndafræði sem fram kemur í INSPIRE-tilskipun ESB, 2007/2/EB varðandi nýtingu gagna sem notuð verða. INSPIRE-tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44/2011. Tilskipunin byggir m.a. á þeim grundvallarreglum að gögnum sé aðeins safnað einu sinni og þau séu geymd þar sem viðhaldi þeirra verður best sinnt. Einnig byggja þau á því að hægt sé að sameina gögn frá mörgum áttum og nýta af mörgum aðilum og með margskonar tækja- og hugbúnaði. að landfræðileg gögn sem nauðsynleg eru fyrir góða starfshætti í opinberri stjórnun séu til reiðu á einfaldan og auðskiljanlegan hátt og að landfræðilegar upplýsingar séu vel aðgengilegar.

Vatnshlotagrunnurinn nýtist opinberum aðilum, Umhverfisstofnun og almenningi. Sömuleiðis vatnaráði í tengslum við mat á kostnaði fyrir ríki og sveitarfélög. Hann mun gefa góða yfirsýn yfir öll

skráð gögn, einfalda aðgengi að þeim og auðvelda úrvinnslu og skýrslugerð. Nokkur vinna er að koma slíkum gagnagrunni upp og þarf mótun hans m.a. að taka mið af þeim grunnupplýsingum sem fyrirsjáanlegt er að myndist á fyrstu stigum innleiðingarinnar.

Gert er ráð fyrir að Veðurstofa Íslands gegni lykilhlutverki varðandi samkeyrslu gagna í grunninum og að sú stofnun ásamt Veiðimálasstofnun, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun og Orkustofnun leggi til þau gögn sem tiltæk eru hjá þeim stofnunum.

Áætlað er að vinna við vatnshlotagrunninn hefjist svo fljótt sem unnt er og að hann verði tekin í notkun eigi síðar en vorið 2013.

Gjaldtaka vegna kostnaðar við stjórn vatnamála

Eins og fram kom hér að framan verður tekin upp stefna í verðlagningu vatns sem á að verða notendum nægileg hvatning til þess að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt og styðja þannig við umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála.

Samkvæmt vatnatilskipuninni skal þetta koma til framkvæmda eigi síðar en 2019.

Undirbúningur er hafin í umhverfisráðuneytinu að gerð frumvarps til laga um gjaldtöku á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlindina. Gert er ráð fyrir að slík gjaldtaka geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af kostnaði við framkvæmd vatnastjórnunar hér á landi. Frumvarpið mun taka mið af mengunarbótareglunni og nytjagreiðslureglunni og ætlunin er að lögin verði bæði einföld og hagkvæm í framkvæmd.

Áætlanir gera ráð fyrir að slík gjaldtaka geti verið komin til framkvæmda í ársbyrjun 2013 og frá þeim tíma verði kostnaðurinn að mestu fjármagnaður með sérstakri gjaldtöku.

Samráð við Skipulagsstofnun

Eins og lög um umhverfismat áætla kveða á um verður haft samráð við Skipulagsstofnun um efnistöku við gerð umhverfisskýrslu vegna umhverfismats vatnaáætlunarinnar. Stuðst verður við leiðbeiningar stofnunarinnar um framkvæmdina og verklagið. Verður stofnuninni m.a. send til skoðunar svokölluð matslýsing þar sem gerð verður grein fyrir væntanlegu umhverfismati og efnistöku og uppbyggingu umhverfisskýrslunnar.

Gert er ráð fyrir að samráðið fari aðallega fram nokkrum mánuðum áður en formleg vinna við vatnaáætlun hefst skv. áfanga- og verkáætluninni, þ.e. á fyrri helmingi ársins 2013.

Tímasett áætlun um takmörkun og bann á forgangsefnum og þungmálum

Draga á í áföngum úr mengun af völdum forgangsefna og er endanlegt markmið að ná styrk þeirra efna sem eru náttúruleg niður að bakgrunnsgildum en styrk þeirra sem eru manngerð niður í núll, þ.e. undir greiningarmörk. Í tilskipun ESB (2008/105/EB) um umhverfisgæðastaðla á sviði vatnastjórnunar er listi forgangsefna gefinn. Sú tilskipun var nýlega innleidd á Íslandi með reglugerð

nr. 955/2011, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Meta þarf lista forgangsefna í ljósi aðstæðna hér á landi, m.a. þar sem sum efnin eru ekki notuð hérlendis, og raða efnunum í forgangsröð eftir því hversu brýnar aðgerðir eru. Takmarka á eða banna losun forgangsefna m.t.t. þeirrar hættu sem þau skapa fyrir vatn og landumhverfi þess og skal Umhverfisstofnun leggja fram tímasetta áætlun um takmörkun eða bann við losun þeirra.

Gert er ráð fyrir að áætlunin verði sett fram sumarið 2013.

Bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg atriði í vatnaáætlun

Vatnasvæðisnefndir vinna bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun hver á sínu svæði og mun Umhverfisstofnun vinna úr þeim eitt yfirlit fyrir allt landið. Samkvæmt 27. gr. laga um stjórn vatnamála skal það yfirlit kynnt opinberlega í a.m.k. 6 mánuði í síðasta lagi tveimur árum áður en vatnaáætlun gengur í gildi, þ.e. fyrir lok árs 2013. Farið verður yfir athugasemdir sem berast á kynningartímanum og yfirlitið endurunnið með tilliti til þeirra. Gerð verður grein fyrir athugasemdunum og hvernig þær voru notaðar við lokagerð yfirlitsins. Yfirlitið verður nýtt sem grunnur í fyrri stöðuskýrsluna og síðan í vatnaáætlun.

Áætlað er að vinna við gerð bráðabirgðayfirlits um mikilvæg atriði í vatnaáætlun hefjist vorið 2012 og að kynning þess standi frá 1. október 2012 til 31. mars 2013. Úrvinnsla athugasemda gæti staðið fram á mitt ár 2013.

Stöðuskýrslur til ESA

Umhverfisstofnun skal annast gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði í samvinnu við viðkomandi vatnasvæðisnefndir. Um stöðuskýrslur er fjallað í 23. gr. laga um stjórn vatnamála og 15. gr. vatnatilskipunarinnar (nefndar yfirlitsskýrslur þar). Gera skal stöðuskýrslu, annarsvegar um eiginleikalýsingu vatnshlotanna (skiptingu vatnshlota í gerðir, greiningu á umtalsverðu álagi og áhrifum álagsins á líkindin á að vatnshlotin nái umhverfismarkmiðinu og gerð efnahagslegu greiningarinnar) og hinsvegar um vöktunaráætlunina. Fyrri stöðuskýrslan mun byggja á bráðabirgðayfirliti um mikilvæg atriði í vatnamálaum. Samkvæmt lögnum um stjórn vatnamála skulu skýrslurnar lagðar fram innan þriggja mánaða frá því að eiginleikalýsingin og vöktunaráætlunin eru gerðar, þá fyrir þó eigi síðar en 1. janúar 2014. Skýrslunni um eiginleikagreininguna er m.a. ætlað að vera til hliðsjónar við gerð vöktunaráætlunar (sjá greinargerð með lagafrumvarpi) og vatnaáætlunar.

Gert er ráð fyrir að vinna við fyrri stöðuskýrsluna hefjist haustið 2012 og standi yfir fram á haust 2013 en við þá seinni vorið 2014 og að henni ljúki fyrir áramótin næstu.

Flokkun á ástandi vatnshlota

Flokkun á ástandi vatnshlota felst bæði í vistfræðilegri flokkun yfirborðsvatnshlota, efnafræðilegri flokkun yfirborðsvatnshlota og grunnvatnshlota og magnstöðuflokkun grunnvatnshlota. Eiginleg ástandsflokkunin mun ekki hefjast fyrr en á fyrsta framkvæmdatímabili fyrir stjórn vatnamála 2016 – 2021. Ef frá er talin sú frumflokkun sem byggir á reglugerð um varnir gegn mengun vatns og hugsanleg flokkun einstakra vatnshlota þar sem nægilegar upplýsingar liggja þegar fyrir til að

flokkun geti farið fram er á innleiðingartíma hins nýja stjórnkerfis fyrir vatnamálefni eingöngu um að ræða undirbúning fyrir þá ástandsflokkun.

Skilgreining viðmiðunaraðstæðna og aðstæðna

Fyrsta skrefið í gerð flokkunarkerfis fyrir vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota er ákvörðun gerðarsértækra viðmiðunaraðstæðna fyrir þá gæðapætti lífríkis sem valdir verða ásamt ákvörðun gerðarsértækra aðstæðna fyrir aðra valda ólífræna gæðapætti sem styðja lífríkið. Gert er ráð fyrir að Veiðimálastofnun komi með tillögur um gæðapætti og viðmiðunaraðstæður/aðstæður fyrir ár, árósa og stöðuvötn og Hafrannsóknastofnun fyrir strandsvæði. Við þessa vinnu á innleiðingartíma hins nýja stjórnkerfis vatnamála er vatnshlotagerðum forgangsraðað þannig að eingöngu eru teknar fyrir vatnshlotagerðir þar sem koma fyrir vatnshlot sem eru undir umtalsverðu álagi eða hafa skilgreint verndargildi. Vistfræðilegt ástand grunnvatns er ekki metið og því eru ekki skilgreindar viðmiðunaraðstæður/aðstæður fyrir það.

Vinna við þennan verklið er talin munu hefjast í lok árs 2011 og ljúka í árslok 2013.

Viðmið fyrir vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota

Eftir að viðmiðunarástandið hefur verið skilgreint þarf á grundvelli þeirra gæðapátta sem valdir voru að ákveða viðmið fyrir flokkun vistfræðilegs ástands, þ.e. fastsetja gildi fyrir mörkin á milli ástandsflokkanna. Þessi viðmið skulu vera í samræmi við almenna skilgreiningu fyrir viðkomandi gæðapátt í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011. Auk viðmiða fyrir líffræðilegt ástand þarf einnig að ákveða þessi mörk fyrir þá ólífrænu gæðapætti sem notaðir verða til flokkunar á vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatnshlota. Gert er ráð fyrir að Veiðimálastofnun komi með tillögu um viðmið og val gæðapátta fyrir ár, árósa og stöðuvötn en Hafrannsóknastofnun fyrir strandsjó. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í reglugerð nr. 535/2011 skal Umhverfisstofnun leggja fram og kynna tillögu að vistfræðilegri flokkun yfirborðsvatnshlota (gildi fyrir gæðapætti) eigi síðar en 1. janúar 2015.

Áætlað er að vinna við gerð viðmiða fyrir vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota og á vistmegni manngerðra og mikið breyttra vatnshlota hefjist síðla árs 2011 og ljúki í lok árs 2013.

Viðmið fyrir ástand grunnvatns (magnstaða og efnafræðilegt ástand)

Flokka skal efnafræðilegt ástand grunnvatns eftir leiðni og styrk mengunarefna, m.a. samkvæmt annarri löggjöf um grunnvatn. Ennfremur skal grunnvatn flokkað eftir magnstöðu þess. Umhverfisstofnun ákvarðar viðmiðunarmörk fyrir efnaþætti, s.s. þungmálma og forgangsefni. Gert er ráð fyrir að vinna við ákvörðun á viðmiðunum fyrir mat á magnstöðu grunnvatns fari fram á vegum Veðurstofu Íslands.

Áætlað er að vinna við ákvörðun viðmiðunarmarka fyrir efnafræðilegt ástand og viðmið fyrir magnstöðu grunnvatns hefjist í byrjun árs 2012 og að henni ljúki að vorlagi 2014.

Viðmið fyrir efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns

Ákvarða þarf umhverfismörk fyrir þungmálma og forgangsefni fyrir hverja gerð yfirborðsvatnshlota. Umhverfisstofnun er ætlað að setja fram ný viðmiðunarmörk fyrir þungmálma og forgangsefni fyrir hverja gerð vatnshlota fyrir 1. janúar 2015.

Áætlað er að vinnu við ákvörðun viðmiðunarmarka fyrir efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns hefjist á miðju ári 2012 og henni ljúki að vorlagi 2014.

Skýrsla vatnaráðs til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Eins og fram hefur komið er eitt af hlutverkum vatnaráðs að gefa umhverfisráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga skýrslu á þriggja ára fresti um hvernig markmiðum laganna um stjórn vatnamála er náð og ef þörf krefur að gefa þeim ábendingar um kostnaðinn sem af lögnum hlýst fyrir ríki og sveitarfélög. Skýrsla þessi verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Gert er ráð fyrir að fyrsta skýrsla vatnaráðs af þessu tagi verði unnin frá hausti 2013 og komi út á miðju ári 2014.

Vöktunaráætlun

Vöktunaráætlun mun að talsverðu leyti byggjast á eiginleikalýsingunni og á fyrri stöðuskýrslunni. Hún tekur bæði til yfirlitsvöktunar og aðgerðavöktunar og hugsanlega rannsóknarvöktunar og gildir fyrir það tímabil sem vatnaáætlun mun gilda, þ.e. 2016-2021. Sú vöktun á vatnsgæðum sem nú er framkvæmd mun að mestu leyti vera með sama móti fyrst í stað eða þar til fyrsta vöktunaráætlunin kemur til framkvæmda. Hún skal liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2015 og koma til framkvæmda á sama tíma, sbr. bráðabirgðaákvæði í lögum um stjórn vatnamála. Áður en vöktunaráætlun tekur gildi þarf þó umhverfisráðherra að staðfesta hana. Vöktunaráætlunina skal endurskoða reglulega, eigi sjaldnar en á 6 ára fresti. Umhverfisstofnun kemur á vöktun vatnshlota í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og hlutaðeigandi rannsóknarstofnanir.

Gert er ráð fyrir að vinna við vöktunaráætlunina hefjist haustið 2012 og ljúki með staðfestingu umhverfisráðherra fyrri hluta sumars 2014 og öðlist þar með gildi.

Aðgerðaáætlun

Umhverfisstofnun skal hafa umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vinnur við gerð hennar ásamt viðkomandi sveitarfélagum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisráðherra staðfestir aðgerðaáætlun að fenginni tillögu Vatnaráðs. Það mun koma einna helst í hlut sveitarfélaga að framfylgja aðgerðaáætlun, í samvinnu við heilbrigðisnefndir, auk opinberra leyfisveitenda fyrir starfs- eða framkvæmdaleyfum. Í því skyni að umhverfismarkmið náist er aðgerðaáætlun sett fram í vatnaáætlun og skal sú fyrsta liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2018 og koma til framkvæmda 2021, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um stjórn vatnamála. Miðað við flýtiáætlun þarf hún þá að liggja eigi síðar en 1. janúar 2016 og að koma til framkvæmda árið 2018. Aðgerðaáætlun skal tekin til endurskoðunar sjötta hvert ár, sbr. 21. gr. laga um stjórn vatnamála. Ef nauðsyn ber til skulu aðgerðaáætlanir endurskoðaðar og uppfærðar eigi síðar en 15 árum eftir gildistöku tilskipunarinnar og á sex ára fresti eftir það. Endurskoðaðar aðgerðir skulu koma til framkvæmda innan þriggja ára eftir að þær voru ákveðnar.

Undirbúningur aðgerðaáætlunar hefst haustið 2012 og lýkur upp úr miðju ári 2014. Aðgerðaáætlun verður síðan unnin inn í vatnaáætlunina og mun fara þannig í umhverfismat og verða kynnt og staðfest með henni. Hún mun svo koma til framkvæmda 2018.

Vatnaáætlun

Við gerð vatnaáætlunar samræmir Umhverfisstofnun vinnuna og vinnur tillögu að áætluninni undir umsjón Vatnaráðs. Vatnaráð gerir síðan tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu hennar. Tillaga að vatnaáætlun skal kynnt opinberlega í síðasta lagi einu ári áður en hún gengur í gildi, strax við staðfestingu umhverfisráðherra, eigi síðar en 1. janúar 2018, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um stjórn vatnamála. Gert er ráð fyrir að kynningartíminn verði 12 mánuðir. Samkvæmt ákvæðum 15. gr. sömu laga skal ná umhverfismarkmiðum laganna innan næstu 6 ára, þ.e. fyrir 1. janúar 2024. Miðað við flýtiáætlunina eru tímamörkin fyrir staðfestinguna 1. janúar 2016 (tveimur árum fyrr) og fyrir því að ná umhverfismarkmiðunum 1. janúar 2021 (þremur árum fyrr). Vatnaáætlun skal endurskoða sjötta hvert ár, sbr. 19. gr. laga um stjórn vatnamála.

Við gerð áætlunarinnar skal gera grein fyrir umhverfismati hennar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Kynning samkvæmt þeim lögum mun fara fram samhliða kynningu á vatnaáætlun og jafn lengi og vera lokið áður en til staðfestingar vatnaáætlunar kemur.

Innan þriggja ára frá birtingu vatnaáætlunar eða uppfærslu hennar skal leggja fram bráðabirgðaskýrslu um það hvernig framkvæmd hennar vindur fram.

Veita má frest til að ná markmiðunum tvisvar sinnum í allt að sex ár í senn að því tilskildu að ástand hins raskaða vatnshlots sem á í hlut versni ekki frekar enda sé ekki hægt að ná markmiðunum innan tímamarkana af tæknilegum, fjárhagslegum eða náttúrulegum ástæðum (15. gr. I. um stjórn vatnamála).

Að lokinni kynningu, umhverfismati og endanlegri staðfestingu sendir Umhverfisstofnun hina staðfestu vatnaáætlun til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Jafnframt skal stofnunin auglýsa opinberlega staðfesta vatnaáætlun og hafa hana aðgengilega almenningi.

Fyrirhugað er að tillaga að vatnaáætlun muni liggja fyrir á miðju ári 2014 og að hún verði þá sett í opinbera kynningu í heilt ár ásamt umhverfisskýrslu vegna umhverfismats hennar. Þeirri kynningu verði lokið hálfu ári áður en ráðherra staðfestir áætlunina. Gert er ráð fyrir að vatnaáætlunin verið send ESA til samþykktar í lok árs 2015 að undangenginni afgreiðslu Vatnaráðs og samþykkis umhverfisráðherra. Vatnaáætlun mun því taka gildi í lok árs 2015 en aðgerðahluti hennar ekki fyrr en 2018, sbr. undirkaflann hér næst að framan.

Öll markmið laga um stjórn vatnamála og vatnatilskipunarinnar eiga síðan að nást eigi síðar en í lok árs 2021, 6 árum eftir staðfestingu vatnaáætlunar.

VIÐAUKAR

Viðauki I. Tengiliðir vegna stjórnar vatnamála

Á eftirfarandi lista eru tengiliðir í sambandi við innleiðingu vatnatilskipunarinnar. Taldir eru þeir sem hafa hlutverki að gegna eða ríka hagsmunum.

Stofnanir

Umhverfisstofnun: Heiðrún Guðmundsdóttir s. 591 2028, heidrun@umhverfisstofnun.is.
Veðurstofa Íslands, s. 522 6000, Gerður Stefánsdóttir, gerdur@vedur.is
Veiðimálastofnun, s. 580 6320, Magnus Jóhannesson, magnus.johannesson@veidimal.is.
Hafrannsóknastofnun, s. 575 2000, Karl Gunnarsson, karl@hafro.is.
Orkustofnun, s. 569 6040, Kristinn Einarsson, ke@os.is.
Náttúrufræðistofnun, s. 590 0500, Trausti Baldursson, trausti@ni.is.
Skipulagsstofnun, s. 595 4100, Stefán Thors, stefan@skipulagsstofnun.is
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, s. 525 4535, Sveinn Agnarsson, sveinnag@hi.is
Íslenskar Orkurannsóknir, s. 528 1501, Ólafur Flóvenz, ogf@isor.is
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, s. 892 4281, Árni Einarsson, arnie@hi.is
Fiskistofa, s. 569 7900, fiskistofa@fiskistofa.is
Siglingastofnun Íslands, s. 560 0000, Hermann Guðjónsson, hermann@sigling.is
Landgræðsla ríkisins, s. 488 3000, Sveinn Runólfsson, sveinn@land.is
Matvælastofnun, s. 530 4800, Jón Gíslason, jon.gislason@mast.is
Mannvirkjastofnun, s. 591 6000, Björn Karlsson, bjorn@mvs.is
Landmælingar Íslands, s. 430 9000, Magnús Guðmundsson, magnus@lmi.is
Skógrækt ríkisins, s. 470 2000, Aðalsteinn Sigurgeirsson, adalsteinn@skogur.is
Vegagerðin, s. 522 1000, Hreinn Haraldsson, hreinn.haraldsson@vegagerdin.is
Landbúnaðarháskóli Íslands, s. 433 5000, Ágúst Sigurðsson, agust@lbhi.is

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, s. 550 5400, Guðmundur Einarsson, hhk@heilbrigdiseftirlit.is.
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, s. 411 1111, Árný Sigurðardóttir, arny.sigurdardottir@reykjavik.is.
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, s. 525 6795, Þorsteinn Narfason, thn@mos.is.
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, s. 431 2740, Helgi Helgason, heilbrigdiseftirlit@vesturland.is.
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, s. 456 7087, Anton Helgason, antonh@snerpa.is.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, s. 453 5400, Sigurjón Þórðarson, sigurjon@hnv.is.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, s. 462 4431, Alfreð Schiöth, alfred@hne.is.
Heilbrigðiseftirlit Austurlands, s. 474 1235, Helga Hreinsdóttir, haust@haust.is.
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, s. 480 8220, Elsa Ingjaldsdóttir, elsa@sudurland.is.
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, s. 421 3788, Magnús H. Guðjónsson, magnus@hes.is
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, s. 525 6796, Þorsteinn Narfason, shi@shi.is
Félag umhverfis- og heilbrigðisfulltrúa, 462 4431, María Markúsdóttir, maria@hne.is

Náttúrustofur

Náttúrustofa Austurlands, s. 4771774, Jón Ágúst Jónsson, jon@na.is
Náttúrustofa Norðausturlands, s. 464 5100, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, lindi@nna.is
Náttúrustofa Suðurlands, s. 481 2683, Ingvar Atli Sigurðsson, ingvar@nattsud.is
Náttúrustofa Vesturlands, s. 433 8122, Róbert Arnar Stefánsson, nsv@nsv.is
Náttúrustofa Reykjaness, s. 863 4754, Sveinn Kári Valdimarsson, sveinn@nr.is
Náttúrustofa Vestfjarða, s. 456 7005, Þorleifur Eiríksson, the@nave.is
Náttúrustofa Norðurlands vestra, s. 453 7999, Þorsteinn Sæmundsson, steini@nnv.is

Vatnaráð

Sigríður Auður Arnardóttir, formaður, Umhverfisráðuneyti, sigridur.arnardottir@umh.stjr.is
Steinunn Fjola Sigurdardóttir, lögfræðingur (varam.), steinunn.fjola.sigurdardottir@umh.stjr.is
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti, Samband íslenskra sveitarfélaga, oddviti@talknafjordur.is
Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri, Samband íslenskra sveitarfélaga, thn@mos.is
Lúðvík E. Gústafsson, umhverfissérfr., Samb. ísl. sveitarf. (varam.), ludvik.e.gustafsson@samband.is
Árný Sigurdardóttir, framkvæmdastjóri, Samb. ísl. sveitarf. (varam.), arny.sigurdardottir@reykjavik.is
Kristinn Einarsson, yfirverkefnastjóri, Iðnaðarráðuneyti, ke@os.is
Harpa Pétursdóttir, lögfræðingur, Iðnaðarráðuneyti (varam.), harpa.petursdottir@os.is
Ingimar Jóhannsson, skrifstofustj., Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ingimar.johannsson@slr.stjr.is
Eik Elfarsdóttir, líffræðingur, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (varam.), eikelf@simnet.is

Vatnasvæðisnefndir

Vatnasvæði 1: Vestfirðir og Norðurland vestra. Beðið er eftir að skipað sé í nefndina.
Vatnasvæði 2: Norðurland eystra og Austurland. Beðið er eftir að skipað sé í nefndina.
Vatnasvæði 3: Suðurland. Beðið er eftir að skipað sé í nefndina.
Vatnasvæði 4: Suðvesturland. Beðið er eftir að skipað sé í nefndina.

Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila. Beðið er eftir að skipað sé í nefndina.

Ráðgjafarnefnd fagstofnana. Beðið er eftir að skipað sé í nefndina.

Sveitarfélög²¹

Reykjavíkurborg, s. 411 1111, Jón Gnarr Kristinsson, upplýsingar@reykjavik.is
Kópavogsbær, s. 570 1500, Guðrún Pálsdóttir, kopavogur@kopavogur.is
Seltjarnarneskaupstaður, s. 595 9100, Ásgerður Halldórsdóttir, postur@seltjarnarnes.is
Garðabær, s. 525 8500, Gunnar Einarsson, gardabaer@gardabaer.is
Hafnarfjarðarkaupstaður, s. 585 5500, Guðmundur Rúnar Árnason, hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Sveitarfélagið Álftanes, s. 550 2300, Pálmi Þór Másson, bjarnastadir@alftanes.is
Mosfellsbær, s. 525 6700, Haraldur Sverrisson, mos@mos.is
Kjósarhreppur, s. 566 7100, Guðmundur H. Davíðsson, kjos@kjos.is
Reykjanesbær, s. 421 6700, Árni Sigfússon, reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
Grindavíkurbær, s. 420 1100, Róbert Ragnarsson, grindavik@grindavik.is
Sandgerðisbær, s. 420 7555, Sigrún Árnadóttir, sandgerdi@sandgerdi.is
Sveitarfélagið Garður, s. 422 7150, Ásmundur Friðriksson, gardur@sv-gardur.is
Sveitarfélagið Vogar, s. 424 6660, Eirný Valsdóttir, skrifstofa@vogar.is
Akraneskaupstaður, s. 433 1000, Árni Múli Jónasson, akranes@akranes.is
Skorradalshreppur, s. 437 0005, Davíð Pétursson, grund@simnet.is
Hvalfjarðarsveit, s. 433 8500, Laufey Jóhannsdóttir, hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is
Borgarbyggð, s. 433-7100, Páll S. Brynjarsson, borgarbyggd@borgarbyggd.is
Grundarfjarðarbær, s. 430 8500, Björn Steinar Pálmason, grundarfjordur@grundarfjordur.is
Helgafellssveit, s. 438 1485, Benedikt Benediktsson, bb07@simnet.is
Stykkishólmsbær, s. 433 8100, Gyða Steinsdóttir, stykkisholmur@stykkisholmur.is
Eyja- og Miklaholtshreppur, 435 6870, Guðbjartur Gunnarsson, eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is
Snæfellsbær, s. 433 6900, Kristinn Jónasson, snb@snb.is
Dalabyggð, s. 430 4700, Sveinn Pálsson, dalir@dalir.is
Bolungarvíkurkaupstaður, s. 450 7000, Elías Jónatansson, bolungarvik@bolungarvik.is
Ísafjarðarbær, s. 450 8000, Daníel Jakobsson, postur@isafjordur.is
Reykholahreppur, s. 434 7880, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjori@reykholar.is
Tálknafjarðarhreppur, s. 456 2539, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, talknafjordur@talknafjordur.is
Vesturbyggð, s. 450 2300, Ásthildur Sturludóttir, vesturbyggd@vesturbyggd.is
Súðavíkurbhreppur, s. 456 4912, Ómar Jónsson, sudavik@sudavik.is
Árneshreppur, s. 451 4001, Oddný S. Þórðardóttir, arneshreppur@simnet.is
Kaldrananeshreppur, s. 451 3277, Jenný Jensdóttir, drangsnes@drangsnes.is
Bæjarhreppur, s. 451 1165, Sigurður Kjartansson, bhreppur@simnet.is
Strandabyggð, s. 451 3510, Ingibjörg Valgeirsdóttir, holmavik@holmavik.is

²¹ Fengið af heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Skagafjörður, s. 455 6000, Ásta Björg Pálmadóttir, skagafjordur@skagafjordur.is
 Húnaþing vestra, s. 455 2400, Skúli Þórðarson, alla@hunathing.is
 Blönduósþing, s. 455 4700, Arnar Þór Sævarsson, arnar@blonduos.is
 Sveitarfélagið Skagaströnd, s. 455 2700, Magnús B. Jónsson, skagastrond@skagastrond.is
 Skagabyggð, s. 452 4163, Vignir Sveinsson, hafnir@simnet.is
 Húnavatnshreppur, s. 452 4660, Jens Pétur Jensen, hunavatnshreppur@emax.is
 Akrahreppur, s. 453 8276, Agnar H. Gunnarsson, dalla@kirkjan.is
 Akureyrarkaupstaður, s. 460 1000, Eiríkur Björn Björgvinsson, akureyri@akureyri.is
 Norðurþing, s. 464 6100, Bergur Elías Ágústsson, nordurthing@nordurthing.is
 Fjallabyggð, s. 460 5600, Sigurður Valur Ásbjarnarson, fjallabyggd@fjallabyggd.is
 Dalvíkurbyggð, s. 460 4900, Svanfríður Jónasdóttir, dalvik@dalvik.is
 Eyjafjarðarsveit, s. 463 1335, Jónas Vigfússon, esveit@esveit.is
 Hörgársveit, s. 461 5474, Guðmundur Sigvaldason, horgarbyggd@horgarbyggd.is
 Svalbarðsstrandarhreppur, s. 462 4320, Jón Hrói Finnsson, svalb@nett.is
 Grýtubakkahreppur, s. 463 3159, Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjori@grenivik.is
 Skútustaðahreppur, s. 464 4163, Guðrún María Valgeirsdóttir, gudrunm@myv.is
 Tjörneshreppur, s. 464 1967, Steinþór Hreiðarsson, skrifstofa@tjorneshreppur.is
 Þingeyjarsveit, s. 464 3322, Tryggvi Harðarson, thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
 Svalbarðshreppur, s. 468 1305, Elfa Benediktsdóttir, svabardshreppur@svabardshreppur.is
 Langanesbyggð, s. 468 1220, Gunnólfur Lárusson, sveitarstjori@langanesbyggd.is
 Seyðisfjarðarkaupstaður, s. 470 2300, Vilhjálmur Jónsson, sfk@sfk.is
 Fjarðabyggð, s. 470 9000, Páll Björgvin Guðmundsson, fjardabyggd@fjardabyggd.is
 Vopnafjarðahreppur, s. 473 1300, Þorsteinn Steinsson, skrifstofa@vopnafjardahreppur.is
 Fljótaldshreppur, s. 471 1810, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is
 Borgarfjarðahreppur, s. 472 9999, Jón Þórðarson, borg@eldhorn.is
 Breiðdalshreppur, s. 470 5560, Páll Baldursson, hreppur@breiddalur.is
 Djúpvogshreppur, s. 478 8288, Gauti Jóhannesson, djupivogur@djupivogur.is
 Fljótaldshérað, s. 470 0700, Björn Ingimarsson, egilsstadir@egilsstadir.is
 Sveitarfélagið Hornafjörður, s. 470 8000, Hjalti Þór Vignisson, radhus@hornafjordur.is
 Vestmannaeyjabær, s. 488 2000, Elliði Vignisson, postur@vestmannaeyjar.is
 Sveitarfélagið Árborg, s. 480 1900, Ásta Stefánsdóttir, radhus@arborg.is
 Mýrdalshreppur, s. 487 1210, Ásgeir Magnússon, myrdalshreppur@vik.is
 Skaftárhreppur, s. 487 4840, Eygló Kristjánsdóttir, klaustur@klaustur.is
 Ásahreppur, s. 487 6501, Eydís Indriðadóttir, asahreppur@asahreppur.is
 Rangárþing eystra, s. 488 4200, Ísólfr Gylfi Pálmason, hvolsvollur@hvolsvollur.is
 Rangárþing ytra, s. 488 7000, Gunnsteinn R. Ómarsson, rang@rang.is
 Hrunamannahreppur, s. 480 6600, Jón G. Valgeirsson, hruni@fludir.is
 Hveragerðisbær, s. 483 4000, Aldís Hafsteinsdóttir, hve@hveragerdi.is
 Sveitarfélagið Ölfus, s. 480 3800, Ólafur Örn Ólafsson, olfus@olfus.is
 Grímsnes- og Grafningshreppur, s. 486 4400, Ingibjörg Harðardóttir, gogg@gogg.is
 Skeiða- og Gnúpverjahreppur, s. 486 6014, Gunnar Örn Marteinnsson, skeidgnup@skeidgnup.is
 Bláskógabyggð, s. 486 8808, Valtýr Valtýsson, blaskogabyggd@blaskogabyggd.is
 Flóahreppur, s. 480 4370, Margrét Sigurðardóttir, floahreppur@floahreppur.is

Landshlutasamtök sveitarfélaga

SSH, s. 564 1788, Páll Guðjónsson, ssh@ssh.is
 SSS, s. 421 3788, Guðjón Guðmundsson, gudjon@sss.is
 SSV, s. 437 1318, Hrefna B. Jónsdóttir, ssv@ssv.is
 FV, s. 450 3000, Aðalsteinn Óskarsson, skrifstofa@fjordingssamband.is
 SSNV, s. 455 2510, Jón Óskar Pétursson, ssnv@ssnv.is
 EYÞING, s. 464 9933, Pétur Þór Jónasson, eything@eything.is
 SSA, s. 472 1690, Þorvaldur Jóhannsson, ssa@ssa.is
 SASS, s. 480 8200, Þorvarður Hjaltason, thorvard@sudurland.is

Umhverfis- og náttúruverndarnefndir

Náttúruverndarnefnd Akureyrar, Hulda Stefánsdóttir, hulda@dill.is
 Umhverfisnefnd Eyjafjarðarsveitar, Brynhildur Bjarnadóttir, brynhildur@skogur.is
 Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar, Helgi Einarsson, flodfjara@hotmail.com

Framkvæmda- og þjónustunefnd v/umhverfismála Norðurbings, Þráinn Gunnarsson, takn@simnet.is
 Skipulagsnefnd v/umhverfismála Skútustaðahrepps, Margrét Hólm Valsdóttir, mholm@mi.is
 Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar, Ástvaldur Þormóðsson, asi@thingeyjarsveit.is
 Náttúruverndarnefnd Þingeyinga, Sigurður Skúlason, maggas@xnet.is
 Skipulags- og umhverfisnefnd Hörgársveitar, Hanna Rósa Sveinsdóttir, hanna@akmus.is
 Umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd Langanesbyggðar, Jóhanna Helgadóttir, johanna@sjbok.is
 Umhverfisnefnd Vopnafjarðahrepps, Ásrún Jörgensdóttir, asiorg@simnet.is
 Umhverfis- og héraðsnefnd Fljótsdalshéraðs, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, gi@fljotsdalur.is
 Umhverfisnefnd Seyðisfjarðar, Daníel Björnsson, daniel@sfk.is
 Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðarbyggðar, Agnar Bóasson
 Skipulags- og umhverfisnefnd Breiðdalshrepps, Hákon Hansson, hakon@hornafjordur.is
 Skipulags-, byggingar- og umhverfismálanefnd Djúpavogshrepps, Andrés Skúlason, andres@djupivogur.is
 Umhverfis- og skipulagsnefnd Hornafjarðar, Ásgrímur Ingólfsson, asgrimuri@hornafjordur.is
 Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps, Hörður Úlfarsson, hordur@simnet.is
 Umhverfisnefnd Bláskógabyggðar, Herdís Friðriksdóttir
 Náttúru- og umhverfisverndarnefnd Ásahrepps, Ingibjörg Sveinsdóttir, ingibjorg@steinsholtstf.is
 Umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborg María Ástráðsdóttir, vilmaria@ismennt.is
 Umhverfisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps, Sigríður E. Sigmundsdóttir
 Mannvirkja- og umhverfisnefnd Hveragerðis, Helga Sigurðardóttir, fagrihvammur@simnet.is
 Skipulags- og umhverfisnefnd Ölfus, Anna Björg Nielsdóttir, annabjorg@olfus.is
 Umhverfisnefnd Rangárbings ytra, Sigurgeir Guðmundsson, sigurg@grhella.is
 Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Rangárbings eystra, Sigrún Þórarinsdóttir, bollakot@simnet.is
 Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, heidasim@simnet.is
 Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps, Bergþóra Ástþórsdóttir, reyni@mi.is
 Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja, Gunnlaugur Grettisson, gunnlaugur@eimskip.is
 Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps, Heimir Rafn Bjarkason, heimir@javerk.is
 Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur, Karl Sigurðsson, karl.sigurdsson@reykjavik.is
 Umhverfisnefnd Seltjarnarness, Margrét Pálsdóttir, margretpals@islandia.is
 Umhverfisráð Kópavogs, Margrét Júlía Rafnsdóttir, margretjulia@gmail.com
 Umhverfisnefnd Garðabæjar, Júlía Ingvarsdóttir, julia@ismennt.is
 Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar, Margrét Gauja Magnúsdóttir, mgm@hafnarfjordur.is
 Skipulags-/bygginga og Umhverfisnefnd Álftanes, Guðmundur G. Gunnarsson, agogg@simnet.is
 Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar, Bjarki Bjarnason, bjabja@ismennt.is
 Umhverfis, náttúru- og landbúnaðarnefnd Kjósahrepps, Gyða Björnsdóttir, gyda@sogumidlun.is
 Skipulags- og umhverfisnefnd Vatnsleysustrandarhr., Bergur Viðar Guðbjörnsson
 Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar, Magnea Guðmundsdóttir, magnea.gudmunds@gmail.com
 Umhverfisnefnd Grindavíkur, Vilhjálmur Árnason, villia@xnet.is
 Umhverfisráð Sandgerðis, Elín Frímansdóttir, elinfrimanns@gmail.com
 Umhverfisnefnd Gerðahrepps, Brynja Kristjánsdóttir, saerun002@yahoo.com
 Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar, Andrea Anna Guðjónsdóttir, andrea.anna@hvalfjardarsveit.is
 Skipulags- og umhverfisnefnd Akraness, Guðmundur Þór Valsson, gudmundur.valsson@akranes.is
 Umhverfis- og skipulagsnefnd Borgarbyggðar, Ragnar Frank Kristjánsson, ragnar@borgarbyggd.is
 Umhverfisnefnd Stykkishólms, Þórunn Sigþórsdóttir, thorunns@simnet.is
 Umhverfisnefnd Grundarfjarðarbæjar, Ólafur Tryggvason, olafur@fsn.is
 Umhverfis- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar, Sigurjón Bjarnason
 Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar, Hörður Hjartarson, vifl@simnet.is
 Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, astasiofn@reykholar.is
 Umhverfisnefnd Ísafjarðar, Albertína Elíasdóttir, albertinae@gmail.com
 Umhverfismálaráð Bolungarvíkur, Sölvi Rúnar Sólbergsson, srs@ov.is
 Bygginga- og umhverfismálanefnd Súðavíkurhrepps, Salvar Baldursson, sudavik@sudavik.is
 Umhverfismálanefnd Vesturbyggðar, Ingimundur Andræsson, ia@ov.is
 Bygginga- og umhverfisnefnd Tálknafjarðar, Guðlaug Björgvinsdóttir, alltjarnum@simnet.is
 Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Strandabyggðar, Ásta Þórisdóttir, astathoris@internet.is
 Skipulags- og umhverfisráð Húnaþings vestra, Guðjón Loftsson
 Menningar- og fegrunarnefnd v/umhverfismála Blönduósbæjar, Ragnheiður Ólafsdóttir, ragga@blonduskoli.is
 Bygginga- og umhverfisnefnd Húnavatnshrepps, Jóhann Guðmundsson, holtsvinadal@emax.is
 Umhverfis- og samgöngunefnd Skagafjarðar, Sigríður Magnúsdóttir, siggamag@gmail.com

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar, Kristinn Gylfason, fanneyjon@simnet.is

Hagsmunaaðilar²²

Félagssamtök á sviði náttúruverndar, umhverfismála og útivistar

Náttúru- og umhverfisverndarsamtök

Náttúruverndarsamtök Íslands, s. 551 2279, Árni Finnsson, arnif@mmedia.is

NSS Náttúruverndarsamtök Suðurlands (upplýsingar vantar)

NV Náttúruverndarsamtök Vesturlands (upplýsingar vantar)

NAUST Náttúruverndarsamtök Austurlands, Ásta Þorleifsdóttir, nattaust@gmail.com

SUNN Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (upplýsingar vantar)

Náttúruvaktin, vaktin.natturuvaktin.com

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera, Halla Guðmundsdóttir

Sól í Hvalfirði (upplýsingar vantar)

Sól í Straumi, s. 661 2495, postur@solistraumi.org

Sól á Suðurnesjum (upplýsingar vantar)

Sól á Suðurlandi (upplýsingar vantar)

Sól í Flóa (upplýsingar vantar)

Samtök um verndun hálandisins norðan Vatnajökuls (upplýsingar vantar)

Áhugahópur um verndun jökulsánna í Skagafirði (upplýsingar vantar)

Varmársamtökin, varmarsamtokin@gmail.com

Félag um verndun hálandis Austurlands (upplýsingar vantar)

Saving Iceland, savigiceland@riseup.net

Umhverfisevntökin við Hvalfjörð, s. Ragnheiður Þorgrímsdóttir, umhverfisevntökin@umhverfisevntökin.is

Skóræktarfélag Íslands, s. 551 8150, Brynjólfur Jónsson, bj@skog.is

Fuglaverndarfélag Íslands (Fuglavernd), s. 5620477, Hólmfríður Arnardóttir,

holmfridur@fuglavernd.is

Landvernd, s. 552 5242, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, mummi@landvernd.is

Útivistarsamtök

Samtök útivistarfélaga, 520 2900, Ívar Pálsson, ivat@landslog.is

Ferðafélag Íslands, 568 2533, fi@fi.is

Íslenski fjallahjólaklúbburinn, 562 0099, ifhk@fjallahjolaklubburinn.is

Ferðafélagið Útivist, s. 562 1000, utivist@utivist.is

Ferðafélag Akureyrar, s. 462 5149, Hilmar Antonsson, hilmar.a@simnet.is

Ferðafélag Fjarðamanna (upplýsingar vantar)

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga, s. 699 1424, Rannveig Einarisdóttir, ferdafelag@gonguferdir.is

Ferðaklúbburinn 4x4, s. 568 4444, Hafliði Sigtryggur Magnússon, f4x4@f4x4.is

Nökkvi, félag siglingamanna á Akureyri, s. 864 5799, Rúnar Þór Björnsson, runar.thor.bj@simnet.is

Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey, s. 863 6947, Kristján S. Sigurgeirsson, formadur@brokey.is

Siglingaklúbburinn Þytur, s. 897 0156, Gunnar Geir Halldórsson, kupling@simnet.is

Siglingafélagið Ýmir, s. 564 4890, Birgir Ari Hilmarsson, bari@simnet.is

Sportkafarafélag Íslands, s. 895 1216, stjorn@kofun.is

Samtök orkufyrirtækja

Samorka, Eiríkur Bogason, 588 4430, eirikurb@samorka.is

Samtök atvinnulífsins, s. 591 0001, Vilhjálmur Egilsson, vilhjalmur@sa.is

Bændasamtök Íslands, s. 563 0300, Eiríkur Blöndal, eb@bondi.is

Landssamband smábátæigenda, s. 552 7922, Örn Pálsson, orn@smabatar.is

Veiðifélög

Landsamband Veiðifélaga, s. 4371667, Óðinn Sigþórsson, odin@simnet.is

Landsamband stangveiðifélaga, Reynir Prastarson

Hafnarsambönd

Hafnasamband Íslands, s. 515 4900, Gísli Gíslason, gislig@faxafloahafnir.is

²² Hliðsjón var höfð af lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála auk greinargerðar með frumvarpi fyrrgreindra laga. Upplýsingarnar eru byggðar á leit á netinu.

Viðauki II. Stjórnvöld og þátttakendur

2. tafla. Stofnanir eða aðilar sem fara með hlutverk í innleiðingunni, gerð vatnaáætlunar eða stjórn vatnamála

Stjórnvald/-stofnun	Ábyrgðarsvið/verksvið
Vatnaráð	<p>Er ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála.</p> <p>Hefur umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og tekur afstöðu til tillagna áður en áætlanirnar fara í opinbera kynningu í samræmi við 27. gr. laga um stjórn vatnamála. Skal skila skriflegri umsögn til Umhverfisstofnunar innan þess frests sem stofnunin tilgreinir.</p> <p>Gerir tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og endurskoðun þeirra þegar við á, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar.</p> <p>Veitir umsögn um reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga um stjórn vatnamála.</p> <p>Fylgist með og skilar skýrslu til ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig markmiðum laga um stjórn vatnamála er náð og metur þann kostnað sem af framkvæmd laganna hlýst fyrir ríki og sveitarfélög og setur fram ábendingar um kostnaðinn eftir því sem þörf krefur. Ráðið skal skila framangreindri skýrslu eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.</p>
Umhverfisstofnun	<p>Annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar og ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála sé framfylgt.</p> <p>Sér um að áfanga- og verkáætlun vegna vinnu við vatnaáætlun, bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun og tillaga að vatnaáætlun séu kynnt opinberlega.</p> <p>Hefur umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og tryggir samráð og samstarf hlutaðeigandi stofnana.</p> <p>Samræmir vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og vinnur tillögur um þær í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög og að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir.</p> <p>Vinnur að vatnaáætlun og endurskoðun hennar með hliðsjón af áætlunum hins opinbera og helstu hagsmunaaðila, svo sem á sviði náttúruverndar, orkunýtingar, auðlindanýtingar, samgangna, vatnsveitna, fráveitna og skipulagsmála.</p> <p>Skipar fulltrúa í vatnasvæðisnefnd ásamt varamönnum.</p> <p>Annast gerð tillögu að vatnaáætlun og aðgerðaáætlun og gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og um vöktun svæða sem njóta verndar.</p> <p>Annast kynningar- og umsagnarferli áætlana samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og tryggir miðlun upplýsinga um vatnasvæðin.</p> <p>Ákvarðar viðmiðunaraðstæður og aðstæður fyrir gerðir vatnshlota.</p> <p>Sér um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar.</p> <p>Annast skýrslugjöf, vinnur m.a. stöðuskýrslu í samvinnu við vatnasvæðisnefndir og hefur umsjón</p>

	<p>með miðlun upplýsinga í samevrópskan vatnagagnagrunn.</p> <p>Leggur til gögn sem stofnunin hefur í sinni umsjá og nýtast við stjórn vatnamála.</p> <p>Sér um gerð fræðsluefnis og gefur út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur.</p> <p>Sendir staðfesta vatnaáætlun til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Jafnframt skal stofnunin auglýsa opinberlega staðfesta vatnaáætlun og hafa hana aðgengilega almenningi á vefsetri sínu.</p> <p>Annast daglegan rekstur og umsýslu vatnaráðs og er ráðinu til ráðgjafar. Umhverfisstofnun leggur ráðinu til aðstoðu og starfsmann sem sér m.a. um fundarboðun og fundarritun.</p> <p>Hefur náið samráð við ráðgjafarnefndir. Leggur ráðgjafarnefndunum til starfsmann sem hefur umsjón með starfi nefndanna.</p> <p>Semur eftir atvikum við Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnun um tilhögun samstarfs, einstök verk eða um að leggja fram gögn og sérfræðiþekkingu við framkvæmd laga þessara og reglugerða settra með stoð í þeim. Stofnunin getur jafnframt samið við aðra um að vinna slík verk eða leggja fram gögn og sérfræðiþekkingu vegna framkvæmdarinnar.</p> <p>Metur hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt.</p> <p>Getur við vissar aðstæður og að uppfylltum vissum skilyrðum heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum.</p> <p>Heldur skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði.</p> <p>Hefur þvingunarheimildir (áminning og dagsektir) gagnvart sveitarfélögum og leyfisveitendum vegna ákvæða í 28. gr. laga um stjórn vatnamála. Ákvæðin kveða á um að skipulagsáætlanir, leyfi til nýtingar vatna, önnur leyfi til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu og leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki séu í samræmi við vatnaáætlun (skipulagsáætlanir) og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Einnig vegna ákvæða í sömu grein um að leyfisveitendur skv. fyrrnefndum lögum endurskoði útgefin leyfi komi í ljós að umhverfismarkmið vatnaáætlunar náist ekki.</p> <p>Gerir tillögur til ráðherra um setningu reglugerða skv. lögum um stjórn vatnamála.</p>
Sveitarfélög	<p>Eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra ásamt heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.</p> <p>Skulu framfylgja innan marka netlaga kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samvinnu við heilbrigðisnefndir.</p> <p>Skulu við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlun sveitarfélagsins sjá til þess þegar við á að skipulagsáætlunina verði samræmd vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.</p>
Heilbrigðisnefndir/-Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga	<p>Eru Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra ásamt viðkomandi sveitarfélögum.</p> <p>Skulu, í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, framfylgja innan marka netlaga kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.</p> <p>Sjá eftir atvikum um vöktun gæðapátta og vöktun á magnstöðu grunnvatns ásamt hlutaðeigandi ríkisstofnunum. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera</p>

	<p>samkomulag um annað fyrirkomulag vöktunar.</p> <p>Leggja til gögn til stofnana sem vinna að framkvæmd laga um vatnastjórnun eftir því sem við á og óskað er eftir.</p>
Vatnasvæðis- nefndir	<p>Samræma vinnu við gerð vöktunaráætlunar, aðgerðaáætlunar og vatnaáætlunar á viðkomandi vatnasvæði, afla þar upplýsinga vegna gerðar stöðuskýrslu og vera Umhverfisstofnun og sveitarfélögum til ráðgjafar á því sviði.</p> <p>Annast bæði gerð bráðabrigðayfirlits um mikilvæg atriði í vatnaáætlun og stöðuskýrslna ásamt Umhverfisstofnun.</p> <p>Vera rannsóknarstofnunum til ráðgjafar um málefni sem snerta viðkomandi vatnasvæði vegna verkefna sem þeim hafa verið falin í samningum við Umhverfisstofnun.</p>
Ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila	<p>Skal vera Umhverfisstofnun, sveitarfélögum og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem heyra undir lög um stjórn vatnamála, m.a. við vinnu við vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.</p> <p>Skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir.</p>
Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila	<p>Skal vera Umhverfisstofnun, sveitarfélögum og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem heyra undir lög um stjórn vatnamála, m.a. við vinnu við vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.</p> <p>Skal vera til ráðgjafar um þau málefni sem samtök þeirra helga sig.</p>
Stofnanir sem koma að gerð vatnaáætlunar	<p>Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála leggja Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnunin fram gögn og sérfræðiþekkingu við framkvæmd laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Um nánari tilhögun þessa samstarfs fer eftir samningum sem Umhverfisstofnun gerir við stofnanirnar.</p> <p>Veðurstofa Íslands leggur til miðlægt upplýsingakerfi um vatnshlot, eiginleika þeirra, ástand og hefur umsjón með þeim og leggur til sérfræðiþekkingu sína á því sviði. Hún skal meta magnstöðu grunnvatnshlota og leggur til gögn og sérfræðiþekkingu um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti ferskvatnshlota og hefur samræmingarhlutverk á því sviði.</p> <p>Veiðimálastofnun leggur til gögn um lífríki og hefur samræmingarhlutverk á því sviði. Hún skal einnig leggja til gögn um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti vatnshlota, þ.m.t. árósa og sjávarlóna, í umsjón hennar ásamt sérfræðiþekkingu sinni.</p> <p>Hafrannsóknastofnunin leggur til gögn um lífríki og um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti strandsjávar í umsjón hennar ásamt sérfræðiþekkingu sinni og hefur samræmingarhlutverk á því sviði.</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til gögn um vistkerfi þurrlendis og votlendis sem tengjast vatnabúskap yfirborðs- og grunnvatnshlota og eru í umsjón hennar ásamt sérfræðiþekkingu sinni og hefur samræmingarhlutverk á því sviði.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur einnig gert samninga við Orkustofnun um afmörkuð verkefni vegna framkvæmdar laga um stjórn vatnamála. Orkustofnun mun leggja til gögn um grunnvatnshlot og manngerð og mikið breytt vatnshlot og sérfræðiþekkingu á því sviði.</p> <p>Hagfræðistofnun hefur ennfremur verið fengin til að hefja gerð efnahagslegra greininga samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.</p>
Aðrar stofnanir	<p>Skipulagsstofnun veitir og gefur út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, umfang og návæmi upplýsinga í umhverfisskýrslu og tekur ákvörðun um hvort áætlun skuli háð ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat</p>

	áætlana þegar vafi leikur á því.
Faggiltar vöktunarstofur	Heimilt er að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við vöktun samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki.
Aðrir aðilar	Verkefnastjórn við gerð verndar- og nýtingaráætlunar samkvæmt lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða er samráðsaðili Umhverfisstofnunar varðandi það að tryggja samræmi vatnaáætlunar annars vegar og verndar- og nýtingaráætlunar hins vegar.

Viðauki III. Mikilvæg orð og orðasambönd

Skilgreiningar orða og hugtaka í 2. gr. vatnatilskipunarinnar (2000/60/EU), 3. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 2. gr. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Íslenska	Skilgreiningar
Aðgerðavöktun	Rgl. nr. 535/2011: Reglubundin vöktun til að fylgjast með álagi á vatnshlot vegna losunar til að meta umfang og áhrif hennar.
Á eða straumvatn	Tilskipunin: Landvatnshlot sem rennur að mestu á yfirborði jarðar en getur runnið neðanjarðar í hluta farvegarins.
Álagsbreytur	Rgl. nr. 535/2011: Sérstakir mengunarvaldar, atvirk, framkvæmdir og annað sem veldur álagi á vatnaumhverfi, svo sem vistkerfi og vatnabúskap.
Ár og stöðuvötn á landi (landvatn)	Tilskipunin: Allt kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar og allt grunnvatn sem er landmegin við þá grunnlínu sem breidd landhelgi miðast við.
Árósavatn	Tilskipunin: Yfirborðsvatnshlot í nágrenni ármynna sem er að hluta til salt vegna nálægðar sinnar við strandsjó en verður fyrir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns. Lög nr. 36/2011: Vatn í nágrenni ármynnis, ísalt vegna nálægðar við strandsjó en undir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns. Rgl. nr. 535/2011: Vatn í nágrenni ármynnis, ísalt vegna nálægðar við strandsjó en undir verulegum áhrifum af aðstreymi ferskvatns.
Ástand grunnvatns	Tilskipunin: Almenn hugtak um ástand grunnvatnshlots sem ákvarðast af magnstöðu eða efnafræðilegu ástandi þess, eftir því hvort er lakara.
Ástand yfirborðsvatns	Tilskipunin: Almenn hugtak um ástand yfirborðsvatnshlots sem ákvarðast af vistfræðilegu eða efnafræðilegu ástandi þess, eftir því hvort er lakara.
Bein losun í grunnvatn	Tilskipunin: Það þegar mengandi efni eru losuð í grunnvatn án þess að það hripi gegnum jarðveg eða jarðvegsgrunn.
Eðlisefnafræðilegir þættir	Rgl. nr. 535/2011: Eðlis- og efnafræðilegir þættir sem hafa áhrif á lífríki vatna, svo sem sjónþýpi, hitastig, köfnunarefni, heildar fosfór og súrefni.
Efnafræðilegt ástand (forgangsefni)	Rgl. nr. 535/2011: Niðurstaða vöktunar á forgangsefnum í vatnshloti.
Forgangsefni	Lög nr. 36/2011: Hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því, og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar. Rgl. nr. 535/2011: hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar.
Færibreytur	Rgl. nr. 535/2011: Endurteknar mælingar á tilteknu viðfangsefni yfir tiltekinn tíma sem bornar eru saman við ákveðin viðmiðunargildi.
Gott ástand grunnvatns	Tilskipunin: Ástand grunnvatnshlots þegar bæði magnstaða og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. „góð/gott“.
Gott ástand yfirborðsvatns	Tilskipunin: Ástand yfirborðsvatnshlots þegar bæði vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. „gott“.
Gott efnafræðilegt ástand grunnvatns (á við um forgangsefni)	Tilskipunin: Efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots sem uppfyllir öll skilyrði töflu 2.3.2 í V. viðauka. Lög nr. 36/2011: Efnafræðilegt ástand [yfirborðs- eða] grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn. Rgl. nr. 535/2011: Efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn.
Gott efnafræðilegt ástand yfirborðsvatns (á við um forgangsefni)	Tilskipunin: Það efnafræðilega ástand sem krafist er til að ná megi umhverfismarkmiðunum fyrir yfirborðsvatn, sem sett eru í a-lið 1. mgr. 4. gr., þ.e.a.s. efnafræðilegt ástand yfirborðsvatnshlots þar sem styrkur mengunarvalda er ekki meiri en leyfilegt er samkvæmt umhverfisgæðakröfunum, sem komið er á með IX. viðauka og settar eru í 7. mgr. 16. gr. og annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins þar sem settar eru umhverfisgæðakröfur á vettvangi Bandalagsins. Lög nr. 36/2011: Efnafræðilegt ástand yfirborðs[- eða grunn]vatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn. Rgl. nr. 535/2011: Efnafræðilegt ástand yfirborðsvatnshlots sem uppfyllir umhverfismarkmið fyrir vatn.
Gott vistfræðilegt ástand	Tilskipunin: Ástand yfirborðsvatnshlots, sem flokkast þannig í samræmi við V. viðauka.
Gott vistmegin	Tilskipunin: Ástand mikið breytt eða manngerðs vatnshlots, sem flokkast þannig í samræmi við viðeigandi ákvæði V. viðauka.
Góð magnstaða (grunnvatn)	Tilskipunin: Sú staða sem skilgreind er í töflu 2.1.2 í V. viðauka.

Grunnvatn	Tilskipunin: Allt vatn undir yfirborði jarðar í gegnmettaða laginu og í beinni snertingu við landið eða jarðvegsgrunninn. Lög nr. 36/2011: Vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Rgl. nr. 535/2011: Vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.
Grunnvatnshlot	Tilskipunin: Afmarkað rúmmál grunnvatns innan veitis eða veita.
Gæðamarkmið	Rgl. nr. 535/2011: Mörk tiltekkinnar mengunar í umhverfi, svo sem í lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum, og/eða lýsing á ástandi sem ákveðið er að gildi fyrir svæði í því skyni að draga enn frekar úr áhrifum mengunar, umfram umhverfismörk, og til að styðja tiltekna notkun og/eða viðhalda tiltekinni notkun umhverfisins til lengri tíma.
Gæðabættir	Rgl. nr. 535/2011: Vatnsformfræðilegir bættir og eðlis- og efnafræðilegir bættir sem styðja líffræðilega þætti, svo sem tegundasamsetningu og þéttleika vatnalífvera.
Hættuleg efni	Tilskipunin: Efni eða flokkar efna sem eru eitruð, þrávirk og geta safnast fyrir í lífverum, svo og önnur efni eða flokkar efna sem eru tilefni til jafnmikilla áhyggna.
Hættuleg forgangsefni	Tilskipunin: Efni sem tilgreind eru skv. 2. mgr. 16. gr. og talin upp í X. viðauka. Meðal þessara efna eru „hættuleg forgangsefni“, þ.e. efni sem tilgreind eru í samræmi við 3. og 6. mgr. 16. gr., og vegna þeirra verður að gera ráðstafanir í samræmi við 1. og 8. mgr. 16. gr.
Losunarmörk	Tilskipunin: Gildi fyrir massa sem er gefinn upp sem tiltekna færibreytur, styrkleiki og/eða umfang losunar, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Einnig má mæla fyrir um losunarmörk fyrir tiltekna hópa eða flokka efna, einkum efni sem eru tilgreind í 16. gr. Losunarmörk fyrir efni gilda að jafnaði á losunarstað efnanna við stöðina og skal ekki taka tillit til þynningar þegar þessi mörk eru ákvörðuð. Þegar losað er óbeint í vatn er heimilt að taka tillit til áhrifa skólphreinsunarstöðva þegar losunarmörk eru ákvörðuð fyrir viðkomandi búnað, að því tilskildu að sambærileg vernd sé tryggð fyrir umhverfið í heild og að þetta leiði ekki til aukinnar mengunar í umhverfinu.
Lýsir	Rgl. nr. 535/2011: Einkennispáttur sem notaður er til að lýsa ákveðnu ástandi, s.s. hæð yfir sjó (m.y.s.) eða selta sjávar (%).
Lögbært yfirvald	Tilskipunin: Yfirvald eða yfirvöld sem tilgreind eru skv. 2. eða 3. mgr. 3. gr.
Magnstaða (grunnvatn)	Tilskipunin: Hugtak sem er mælikvarði á það hversu mikil áhrif bein eða óbein vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot. Lög nr. 36/2011: Mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot. Rgl. nr. 535/2011: Mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur haft á grunnvatnshlot.
Manngert vatnshlot	Tilskipunin: Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna mannsins. Lög nr. 36/2011: Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna manna. Rgl. nr. 535/2011: Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna manna.
Mengandi efni	Tilskipunin: Sérhvert efni sem getur valdið mengun, einkum eitthvert þeirra sem talin eru upp í VIII. viðauka í tilskipuninni.
Mengun	Tilskipunin: Bein eða óbein losun af mannavöldum efna eða varma út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg þannig að heilbrigði fólks eða vatnavistkerfum eða landvistkerfum, sem eru beint háð vatnavistkerfum, stafi hætta af, eignatjón verði eða réttmæt not af umhverfinu til tómsundaiðkana eða annarra nota séu hindruð eða trufluð.
Mikið breytt vatnshlot	Tilskipunin: Yfirborðsvatnshlot sem hefur verulega breytta eðliseiginleika vegna breytinga af mannavöldum, eins og tiltekið er af aðildarríkinu í samræmi við ákvæði II. viðauka. Lög nr. 36/2011: Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum og hefur ekki gott vistmegin. Rgl. nr. 535/2011: Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum og hefur ekki gott vistmegin.
Náttúrulegt ástand	Rgl. nr. 535/2011: Mjög gott vistfræðilegt ástand.
Neysluvatn	Tilskipunin: Hugtak með sömu merkingu og í tilskipun 80/778/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/83/EB. Lög nr. 36/2011: Vatn ætlað til manneldis, í náttúrulegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna. Rgl. nr. 535/2011: Vatn ætlað til manneldis, í náttúrulegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna.
Persónueining (p.e)	Rgl. nr. 535/2011: Magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun.
Rannsóknarvöktun	Rgl. nr. 535/2011: Vöktun til að komast að t.d. umfangi og áhrifum mengunaróhappa.
Samræmd aðferð/nálgun	Tilskipunin: Eftirlit með sleppingu og losun í yfirborðsvatn samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 10. gr.
Sérstakir mengunarvaldar	Rgl. nr. 535/2011: Mengun af völdum einstakra forgangsefna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið losað út í tiltekið vatnshlot og mengun af völdum annarra efna sem sýnt hefur verið fram á að hafi verið losað út í umtalsverðu magni í vatnshlotið. Aðrir sérstakir mengunarvaldar geta verið veirur eða bakteríur.
Skipting í gerðir	Rgl. nr. 535/2011: skipting vatnshlota í mismunandi gerðir sem hafa ákveðin einkenni sem eru sameiginleg með mörgum vatnshlotum.

Stjórn á losun	Tilskipunin: Stjórnun sem byggist á sérstökum takmörkunum á losun, til dæmis losunarmörkum, eða þar sem tilgreindar eru á annan hátt takmarkanir á eða skilyrði fyrir áhrifum, eðli eða öðrum eiginleikum losunar eða rekstrarskilyrdum sem hafa áhrif á losun. Ekki skal litið svo á að með notkun orðanna „stjórnun á losun“ í þessari tilskipun, sé verið að endurtúlka ákvæði annarra tilskipana á nokkurn hátt.
Strandsjór	Tilskipunin: Yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem dregin er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósvatns. Lög nr. 36/2011: Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósvatns. Rgl. nr. 535/2011: Yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósvatns.
Stöðuvatn	Tilskipunin: Kyrrstætt yfirborðsvatnshlot á landi.
Tiltæk grunnvatnsauðlind	Tilskipunin: Ársmeðaltal heildarendurmyjunar grunnvatnshlots til langs tíma, að frádrægnu ármeðaltali rennslis til langs tíma, sem nauðsynlegt er til að ná megi markmiðum um vistfræðileg gæði fyrir tengt yfirborðsvatn, sem tilgreint er skv. 4. gr., til þess að forðast að vistfræðilegu ástandi slíks vatns hraki umtalsvert og til að forðast hvers kyns verulegt tjón á tengdum landvistkerfum.
Umhverfisbreytur	Rgl. nr. 535/2011: Breytilegir umhverfisþættir sem hafa áhrif á gæðabætti svo sem vatnsbúskapur, hitaskilyrði, súrefnisskilyrði, selta, sýrustig og leiðni.
Umhverfisgæðakröfur	Tilskipunin: Ákvæði um að ekki megi fara yfir hámarksstyrk tiltekens mengunarvalds eða hóps mengunarvalda í vatni, setlögum eða lífríkinu, sett til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.
Umhverfismarkmið	Tilskipunin: Markmiðin sem sett eru fram í 4. gr.
Umhverfismörk	Rgl. nr. 535/2011: Viðmiðunargildi sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess.
Undirvatnasvið	Tilskipunin: Það landsvæði sem allt afrennslis af yfirborði rennur af í vatnsföllum, ám og jafnvel stöðuvötnum til tiltekens staðar í farvegnum (yfirleitt stöðuvatns eða ármóta).
Vatn	Rgl. nr. 535/2011: Grunnvatn og yfirborðsvatn.
Vatnaáætlun eða stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi	Rgl. nr. 535/2011: Samræmt stjórnsýslufyrirkomulag innan vatnaumdæmisins.
Vatnasvið, aðrennslissvæði	Tilskipunin: Það landsvæði sem allt afrennslis af yfirborði rennur af í vatnsföllum, ám og jafnvel stöðuvötnum til sjávar við eitt ármynni eða öseyri (vatnasvið). Lög nr. 36/2011: Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatns, grunnvatnsstraums eða vatnsból (vatnasvið). Rgl. nr. 535/2011: Aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatns, grunnvatnsstraums eða vatnsból.
Vatnasvæði	Lög nr. 36/2011: Landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum. Rgl. nr. 535/2011: Landsvæði með einu eða fleiri vatnasviðum.
Vatnaumdæmi	Tilskipunin: Svæði á landi og sjó sem samanstendur af einu eða fleiri vatnasviðum ásamt grunnvatni og strandsjó sem tengjast þeim, og sem tilgreint er í 1. mgr. 3. gr. sem meginstjórnsýslueining vatnasviða. Lög nr. 36/2011: Stjórnsýslueining sem nær til íslenskra vatnasvæða ásamt árósvatni og strandsjó sem þeim tengjast. Rgl. nr. 535/2011: Stjórnsýslueining sem nær til íslenskra vatnasvæða ásamt árósvatni og strandsjó sem þeim tengjast.
Vatnsformfræðilegir eiginleikar vatnshlots	Rgl. nr. 535/2011: Vatnsmagn vatnshlots og breytingar á rennslis og vatnsborði ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlotsins.
Vatnsformfræðilegir þættir	Lög nr. 36/2011: Vatnsmagn vatnshlots og breytingar á rennslis og vatnsborði ásamt gerð og undirlagi botns og eðlisefnafræðilegum þáttum vatnshlotsins.
Vatnshlot	Lög nr. 36/2011: Eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó. Rgl. nr. 535/2011: Eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.
Vatnsnotkun	Tilskipunin: Vatnsþjónusta ásamt allri annarri starfsemi sem, skv. 5. gr. og II. viðauka, hefur umtalsvert áhrif á ástand vatns. Þetta hugtak gildir að því er varðar 1. gr. og efnahagslegu greininguna sem framkvæmd er skv. 5. gr. og b-lið í III. viðauka tilskipunarinnar.
Vatnstökusvæði	Rgl. nr. 535/2011: Landsvæði þar sem nýttjavatn er tekið og aðrennslissvæði vatnsbola á því.
Vatnsþjónusta	Tilskipunin: Öll þjónusta fyrir heimili, opinberar stofnanir og hvers konar atvinnustarfsemi sem fólgin er í: 1) vatnstöku, miðlun, geymslu, hreinsun eða dreifingu yfirborðsvatns eða grunnvatns og 2) söfnun skólps og hreinsun þess í stöðvum sem veita vatninu aftur út í yfirborðsvatn.
Veitir	Tilskipunin: Berglag eða -lög undir yfirborði jarðar eða önnur jarðlög sem eru svo gropin eða gegndræp að umtalsvert grunnvatn getur runnið um þau eða þar getur farið fram grunnvatnstaka í talsverðum mæli.
Verndarsvæði (vernduð og viðkvæm svæði)	Lög nr. 36/2011: Afmarkað svæði ásamt einstökum vistkerfum sem nauðsynlegt er talið að vernda til að ná fram markmiðum laga þessara. Rgl. nr. 535/2011: Afmarkað svæði ásamt einstökum vistkerfum sem nauðsynlegt er talið að vernda til að ná fram markmiðum laga um stjórn vatnamála.
Vistfræðilegt ástand	Tilskipunin: Hugtak sem á við um gæði gerðar og starfsemi vatnavistkerfa sem tengjast yfirborðsvatni, sem flokkast í samræmi við V. viðauka. Lög nr. 36/2011: Ástand lífríkis í vatnshloti samkvæmt skilgreindri gæðaflokkun í mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt. Rgl. nr. 535/2011: Ástand lífríkis í vatnshloti samkvæmt skilgreindri gæðaflokkun í mjög gott, gott, ekki

	viðunandi, slakt og lélegt ástand.
Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) (staðlaðar skilgreiningar á flokkun á vistfræðilegu ástandi)	Rgl. nr. 535/2011: Gæðahlutfall í vöktunarkerfi á milli fimm vistfræðilegra ástands flokka þar sem einn táknar mjög gott ástand og núll táknar versta ástand (EQR).
Vismegin	Lög nr. 36/2011: Ástand lífríkis í manngerðu eða mikið breyttu vatnshloti samkvæmt gæðaflokkun í besta vismegin, gott vismegin og ekki viðunandi vismegin. Rgl. nr. 535/2011: Ástand lífríkis í manngerðu eða mikið breyttu vatnshloti samkvæmt gæðaflokkun í besta vismegin, gott vismegin og ekki viðunandi vismegin.
Vöktun	Rgl. nr. 535/2011: Kerfisbundin og siendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.
Vöktunarnet	Rgl. nr. 535/2011: Heildstætt mælikerfi til vöktunar á samræmdum umhverfispáttum á fyrirfram völdum stöðum.
Yfirborðsvatn	Tilskipunin: Landvatn, að undanskildu grunnvatni; árósavatn og strandsjór, en það tekur þó einnig til sjávar innan landhelgi að því er varðar efnafræðilegt ástand. Lög nr. 36/2011: Kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjór, auk jökla. Rgl. nr. 535/2011: Kyrrstætt eða rennandi vatn, straumvötn, stöðuvötn, lón, árósavatn og strandsjór, auk jökla.
Yfirborðsvatnshlot	Tilskipunin: Afmörkuð heild yfirborðsvatns af umtalsverðri stærð, s.s. stöðuvatn, miðlunarlón, vatnsfall, á eða síki, hluti af vatnsfalli, á eða síki, árósavatn eða strandsjávarkafli.
Yfirlitsvöktun	Rgl. nr. 535/2011: Vöktun kerfisbundinna og siendurtekinna breytilegra þátta í umhverfinu og skráning þeirra.